



SKOÐUN Elín Björg Jónsdóttir um neikvæð viðhorf í garð opinberra starfsmanna. **15**



MENNING Syngur tenórarnar sem allir elska, í Hafnarborg. **24**



LÍFÍÐ Kristín Eiríksdóttir er höfundur nýja verksins Hystory. **38**



SPORT Stjarnan varð bikarmeistari í annað sinn í sögu félagsins um helgina. **32**

LANDMARK

FASTEIGNASALA

Sími 512 4900 landmark.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

1. september 2014
204. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

FRÉTTIR



Dýrara að fá gjaldkera

Forstjóri Arion banka vill hagræða í rekstri útibúa með fleiri sjálfvirkum bankaútibúum. **2**

Fjölgað um sex hundruð Á einu ári hefur þeim sem fá húsaleigubætur frá Reykjavíkurborg fjölgað um sex hundruð. **4**

Boðið upp á meðferð Nýlega var byrjað að bjóða upp á meðferð fyrir konur sem beita ofbeldi í nánum samböndum. **6**

Dræm hrefnuveiði Hrefnuveiði hefur gengið afar illa á þessari vertíð og hefur aðeins 22 hrefnum verið landað. **10**



Bolungarvík	9°	NA	4
Akureyri	13°	S	8
Egilsstaðir	15°	SV	9
Kirkjubæjarkl.	11°	SV	11
Reykjavík	12°	SV	8

Víða rigning en úrkomuminnst NA-til. SV-átt 8-15 m/s hvassast með A- og SA-ströndinni en dregur úr fram á kvöldið. Milt í veðri, hiti 8-17 stig. **4**

3 SÉRBLÖÐ

Eldhús | Fasteignir | Fólk



Fékk að róta eftirlitslaus í gögnum saksóknarans

Verjandi Karls Wernerssonar hefur sent Ríkissaksóknara bréf þar sem hann krefst aðgangs að rannsóknargögnum vegna kæru á starfsháttum Sérstaks saksóknara vegna aðgangs skiptastjóra Milestone að gögnunum.

LÖGREGLUMÁL Starfsmaður skiptastjóra Milestone ehf. hafði ótakmarkaðan og eftirlitslausan aðgang að rannsóknargögnum embættis Sérstaks saksóknara í tvo daga. Þetta kemur fram í yfirheyrslu yfir starfsmanninum í tengslum við rannsókn á tveimur fyrrverandi starfsmönnum Sérstaks saksóknara.

Verjandi Karls Wernerssonar hefur sent Ríkissaksóknara kröfu um afhendingu gagna vegna þessa. Hann gagnrýnir harðlega þetta verklag sem hann segir meðal annars fela í sér gróft brot gagnvart Karli, brot á almennum hegningarlögum og ákvæðum stjórnarskrárinna og mannréttindasáttmála.

Verjandinn, Ólafur Eiríksson hæstaréttarlögmaður, kærði embætti Sérstaks saksóknara til Ríkissaksóknara vegna aðgangs skiptastjóra að rannsóknargögnum embættisins og krafðist rannsóknar á starfsháttum þess.

Kærinni var vísað frá þar sem ekki var talið tilefni til frekari rannsóknar og málið ekki nægilegt eða líklegt til sakfellingar. Verjandinn óskaði bréflaga eftir rökstuðningi Ríkissaksóknara á niðurfellingunni. Í bréfinu kemur fram að þar sem ekki sé hægt að kæra niðurstöðu Ríkissaksóknara um niðurfellingu málsins sé ómögulegt að meta, án rökstuðnings, hvort fullnægjandi rannsókn

hafi átt sér stað. Verjandinn telur þær upplýsingar sem hann hafði þá sýna að gróflega hafi verið brotið á rétti hans af hálfu yfirvalda. Frekari rökstuðningur fyrir ákvörðuninni var ekki veittur af embætti Ríkissaksóknara.

Í minnisblaði sem saksóknari hjá Ríkissaksóknara sem sá um rannsókn málsins sendi Sigríði Friðjónsdóttur í júlí 2012, kemur fram að aðgangur að gögnum virðist ekki hafa verið í föstum skorðum hjá embætti Sérstaks saksóknara.

Starfsmaður Milestone segir í yfirheyrslunni að haustið 2010 hafi sér verið veitt heimild frá sérstökum saksóknara, meðal annars til

→ Stone segir í yfirheyrslunni að haustið 2010 hafi sér verið veitt heimild frá sérstökum saksóknara, meðal annars til að „róta“ í gögnum í skjalageymslu án eftirlits.

að „róta“ í gögnum í skjalageymslu án eftirlits. Hann hafi verið á gangi þar sem gögn í tengslum við Milestone málin hafi verið vistuð en þar hafi einnig verið fleiri gögn tengd öðrum málum.

Verjandi Karls krefst þess að fá aðgang að gögnunum eigi síðar en í dag. -fbj



BJARGAÐ UNÐAN HRAUNELFUNNI Þessi milljón króna jarðskjálftamælir var við það að fara undir hraun í gosinu í Holuhrauni. Sveinbjörn Steinþórsson, starfsmaður Raunvísindastofnunar Háskóla Íslands hafði hraðar hendur þegar hann bjargaði mælinum undan hraunelfunni. Mælinn höfðu starfsmenn Raunvísindastofnunar HÍ sett út tveimur dögum áður en gosið hófst í Holuhrauni í fyrrinótt. Sjá síðu 8

MYND/PORSTEINN JÓNSSON

Kostnaður borgarinnar vegna stuðningsþjónustu hefur lækkað frá fyrra ári:

Fötluð börn fá ekki stuðning

VELFERÐARMÁL Kostnaður Reykjavíkurborgar vegna stuðnings við fatlað fólk í formi liðveislur eða stuðningsfjölskyldna hefur minnkað um 10-12 prósent á milli ára.

Eftirspurnin eftir þjónustunni hefur þó alls ekki minnkað enda eru á fimmta hundrað manns á biðlista, þar á meðal fjöldi barna sem biða eftir liðveislur eða stuðningsfjölskyldum.

Berglind Magnúsdóttir, skrifstofustjóri þjónustu heim á velferðarsviði Reykjavíkurborgar, segir biðlistann hafa lengst lítillega frá því í fyrra og vandann felast í of fáum starfsumsóknum. „Við höfum ekki fengið nógu mikið af umsóknum um að gerast

461 á biðlista eftir stuðningsfjölskyldum.

stuðningsforeldrar til að mæta eftirspurn.“ Berglind segir töluverðar kröfur gerðar til þeirra sem sinna starfinu; viðkomandi þurfi að vera heilsteypur og með hreint sakavottorð og velja þurfi hvern og einn af kostgæfni enda sé um náið samstarf tveggja aðila að ræða. „Því væri æskilegra að við hefðum fleiri umsóknir til að velja úr

Störf með fötluðu fólki og börnum eru gríðarlega gefandi og skemmtileg og henta vel með námi, ég vona að



„Við höfum ekki fengið nógu mikið af umsóknum um að gerast stuðningsforeldrar til að mæta eftirspurn

Berglind Magnúsdóttir, skrifstofustjóri hjá Reykjavíkurborg

fólk sjái tækifærið í því.“ „Það getur verið grundvallaratriði fyrir foreldra að fá stuðningsfjölskyldu,“ segir María Hildipórsdóttir, framkvæmdastjóri Sjónarhóls. -ebg / sjá síðu 12

FLJÓTLEGT OG ÞÆGILEGT

24/7



Íbúfen®
400 mg, 30 stk og 400 mg, 50 stk

Actavis

SPURNING DAGSINS



„Jakob, þarf nokkuð að gefa ykkur stuð fyrir eftirpartíð?“

„Við reidum okkur alfarið á súrefnis-tjaldið sem við keyptum úr dánarbúi Michaels Jackson og höfum ekki séð enn þá. Við treystum á að það sé á leiðinni með haustskipunum.“

Jakob Frímagn Magnússon og félagar í Stuðmönnum halda tvönnu tónleika í Hörpu 6. september. Að þeim loknum verður eftirpartí í Hörpu þar sem Stuðmenn leika fyrir dansi.

Bæjarstjórinn í Vestmannaeyjum segir útgerðarmann hafa keypt umfjöllun í DV með því að lána fé: Lánaði ritstjóra DV 15 milljónir króna í fyrra

FJÖLMIDLAR „Ég lánaði Reyni Traustasyni, ritstjóra DV, 15 milljónir króna í fyrra. Er það ekki dropi í hafið í þessum fjölmíðlarekstri,“ segir Guðmundur Kristjánsson útgerðarmaður kenndur við Brim.

Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, hefur velt upp þeirri spurningu á samfélagsmiðlum hvort Guðmundur hafi afhent Reyni peningana í þeim tilgangi að kaupa sér óvægna og skaðlega umfjöllun um meðeigendur sína í

Vinnslustöð Vestmannaeyja.

Í yfirlýsingu sem barst frá Guðmundi segist hann ætla að stefna Elliða fyrir meiðyrði. Fullyrðingar hans eigi ekki við nein rök að stýðjast.

Reynir Traustason, aftekur með öllu að lán Guðmundar hafi haft áhrif á fréttaskrif DV. Hann segir óhróður bæjarstjórans í Vestmannaeyjum um Guðmund í Brimi með eindæmum.

Atli Fanndal, fyrrverandi blaðamaður á DV, segir á fésbók

að hann ætli að ræða við fjölmíðlanefnd í dag og skýra frá því sem hann viti. Á meðan Atli var blaðamaður á DV skrifaði hann mikið um sjávarútvegsmál. Atli vildi ekki tjá sig frekar um málið við Fréttablaðið.

Þorsteinn Guðnason, fyrrverandi stjórnarformaður, hefur ákveðið að fara fram á óháða úttekt á fjárreiðum og rekstri DV ehf. í ljósi tíðinda af persónulegum lánnum til ritstjóra blaðsins.

-jme



ÁSAKANIR Reynir Traustason hafnar ásökunum um að útvegsmáður hafi keypt sér fréttumfjöllun í DV.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUDUNN



VERJAST TÁRAGASI Mótmælendur í Islamabad hylja andlit sín með gasgrímum og klútum til að verjast táragasárásum.

AFP/NORDICPHOTOS

Átökin harðna í mótmælunum í Islamabad:

Þrjár látnir og hundruð særðir

PAKISTAN Þrjár féllu og meira en 400 særðust í átökum í Islamabad, höfuðborg Pakistans, á laugardaginn í mótmælum stjórnarandstöðu. Meðal þeirra föllnu voru 37 lögreglumenn.

Mótmælendur brutu sér leið inn á lóð þinghússins þar í borg og 30.000 lögreglumenn svöruðu með því að beita táragasi og skjóta gummikulum að mótmælendum.

Stjórnarandstæðingarnir eru úr röðum Imran Khan og klerksins Tahrul Qadri, sem ásaka ríkisstjórnina um spillingu og krefjast þess að hún segi af sér.

Mótmælendur söfnuðust aftur saman eldsnemma á sunnudagsmorgun, og gerðu ítrekaðar tilraunir til þess að brjótast í gegnum múr lögreglumanna og víggirðingar til þess að komast að lóð þinghússins að nýju. Lögreglan beitti þá táragasi í miklum mæli.

-ósk

Rigning eftir þrumuveður:

Allt á floti í Danmörku

DANMÖRK Stór hluti Kaupmannahafnar minnti helst á Feneýjar í fyrrið eftir eitt-hvert mesta rigningaveður sem menn þar í borg muna eftir. Mikil rigning varð í kjölfar þrumuveðurs bæði í höfuðborginni og Nordsjælland.

Í norðurhluta Kaupmannahafnar mældist úrkoma 119 mm en stærstur hluti hennar féll á innan við hálf tíma. Vatn flæddi inn í fjölmarga kjallara og öku-menn áttu erfitt með að komast leiðar sinnar.

-ktl

Dóttir Saddams í hefndarhug:

Sögð veita IS fúlgur fjár

ÍRAK Raghad Hussein, elsta dóttir Saddams Hussein, fyrrverandi ein-ræðisherra Íraks, er ein af þeim sem fjármagnar hryðjuverkasamtökin Íslamska ríkið, eða IS. Þetta hefur þýska blaðið Spiegel eftir heimildarmönnum sínum í Mið-austurlöndum.

Hussein er í útlegð og býr í Jórdaníu, gegn loforði um að skipta sér ekki af stjórnmálum. Spiegel hefur eftir heimildarmönnum sínum að Hussein vilji nú hefna sín á þeim sem komu föður hennar frá völdum og tóku hann af lífi.

-af

Vill hærri gjöld á þá sem hitta gjaldkera

Stóru bankarnir hafa allir opnað sjálfvirk útibú. Forstjóri Arion banka segir að stóran hluta þeirrar þjónustu sem bankinn veiti sé hægt að veita á einfaldari hátt en nú er gert. Eðlilegt sé að þeir sem nýti þjónustu starfsmanna greiði hærri gjöld.

VIÐSKIPTI Höskuldur Ólafsson, forstjóri Arion banka, vill hagræða frekar í rekstri útibúa með fleiri sjálfvirkum bankaútibúum. Hann bendir á að 40% þeirra sem komi í útibú komi þangað til þess að taka út peninga. Slíkt sé hægt að gera sjálfvirk. Hjá Landsbankanum eru hlutföllin þannig að af þeim sem heimsækja gjaldkera eru 47% að taka út/fá skiptimynt eða leggja inn.

Einnig sé möguleiki að taka herra gjald af þeim sem nýti sér þjónustu starfsmanna útibúa. Arion banki rekur nú þegar tvö útibú þar sem afgreiðsla er sjálfvirk og Landsbankinn eitt. Íslandsbanki er með eitt slíkt útibú.

„Það er einfaldlega þannig að sumt af þeirri hefðbundnu þjónustu sem við erum að bjóða hjá gjaldkerum er þjónusta sem hægt er að framkvæma með einfaldari og ódýrari hætti,“ segir Höskuldur. Hann segir að það sé því eðlilegt að fólk fái að velja um gjaldkerapjónustu eða sjálfvirka þjónustu. Í sama streng tekur Kristján Kristjánsson, upplýsingafulltrúi Landsbankans, í svari sínu til Fréttablaðsins. „Stefnan er sú að þeir sem nýta þjónustu borgi fyrir hana. Það á einnig við um gjaldkerapjónustu. Samhliða þessu er leitast við að bjóða alltaf aðra möguleika,“ segir í svari Kristjáns.

Höskuldur segir að þjónusta gjaldkera verði veitt á meðan eftirspurn sé eftir henni, en eðlilegt sé að kostnaður af rekstri bankans falli þar sem stofnað sé til hans. „Það er dýrara að fá þjónustu í gegnum til dæmis gjaldkera held-



KRINGLAN Íslandsbanki opnaði sjálfvirk útibú í Kringlunni. Þar eru engir gjaldkera.



FRÍÐBERT TRAUSTASON

ur en í gegnum vélbúnaðinn sem er mjög aðgengilegur þannig að þetta mun þróast í það að fólk fær að velja um það að greiða heldur meira fyrir að fá afgreiðslu hjá gjaldkera og minna eða ekkert fyrir að greiða sig sjálf. Aðalatriðið er að þetta sé sanngjarnt og valkvætt og við munum alltaf hafa það að leiðarljósi að kunninn fái að velja,“ segir Höskuldur.

Friðbert Traustason, formaður Samtaka starfsmanna fjármála-fyrirtækja, segir að á um það bil tíu árum hafi bankaútibúum fækkað úr 170 um allt land niður fyrir 90. Það verði áfram þörf fyrir gjaldkera og því sé útilokað



„Þannig að þetta mun þróast í það að fólk fær að velja um það að greiða heldur meira fyrir að fá afgreiðslu hjá gjaldkera.“

Höskuldur H. Ólafsson, forstjóri Arion banka

að hefðbundin bankaútibú muni heyra sögunni til. „Niður fyrir vissst mark fara þau nú ekki,“ segir hann. Hann bendir á að Nordeabankinn hafi fækkað útibúum, en fyrir tveimur árum hafi hann fjölgað útibúum aftur vegna kröfu frá viðskiptavinum.

jonhakon@frettabladid.is

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins hafði í nógu að snúast vegna vatnsleka: Um 40 hjálparbeiðnir bárust

SAMFÉLAG Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins höfðu borist 37 hjálparbeiðnir um miðjan dag í gær vegna vatnsleka í íbúðarhúsum. Flestar bárust þær frá íbúum í Hátúni og þar í kring. „Það er búinn að vera mjög mikill erill,“ segir Þórður Bogason, varðstjóri hjá slökkviliðinu, aðspurður. „Þetta er með því mesta sem hefur gerst en það hafa komið svona kippir þegar svona óveðurslægðir ganga yfir.“

Hann bætir við að margir hafi þurft að bíða lengi eftir aðstoð enda hafi flestar beiðnirnar komið á sama tíma fyrir hádegi. Um tuttugu slökkviliðsmenn sinntu vatnslekanum, auk þess sem Orkuveita Reykjavíkur, Reykjavíkurborg og tryggingafélagin voru með mannskap að störfum.

Vatn flæddi inn í kjallara í Bergstaðastræti hjá körfuknattleiksmanninum Pavel Ermolinskij þar sem hann opnar kjöt- og fiskbúð á næstu vikum.

Vatn hafði lekið um allan ganginn, sjö til átta fermetra, en það náði ekki inn í aðalrymið vegna halla upp í móti. „Þeir komu fljótlega með þvílkar græjur og redduðu þessu á litlum tíma,“ segir Pavel um slökkviliðið og kann því bestu þakkir fyrir.

-fb



RÆÐIR VIÐ SLÖKKVILÍÐSMENN Vatn flæddi inn í kjallarahúsnæði þar sem Pavel Ermolinskij opnar búð á næstunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

BRIDS SKÓLINN

Fastanámskeið Bridsskólans eru á fjórum stigum

1. BYRJENDUR 2. KERFIÐ 3. ÚRSPILIÐ 4. VÖRNIN

Haustönn 2014 **BYRJENDUR** og **KERFIÐ**

stig 1 Hefst **22. september**
Átta **mánudags**kvöld frá 20-23

stig 2 Hefst **24. september**
Átta **miðvikudags**kvöld frá 20-23

Upplýsingar og innritun í síma **898-5427**
milli kl. 13 og 18 daglega.

Sjá nánar á **bridge.is** (undir „fræðsla“).

HEIMANET NOVA



Sendum
frítt heim!
S: 78 12345




4G box

990 kr. /12 mán.

9.990 kr. stgr.

Verð miðað við 6 mánaða þjónustusamning í áskrift af 50 GB, 100 GB og 250 GB netþökkum. Mánaðarlegur reikningur skuldfærður á kreditkort.



Þú stingur boxinu í samband og kemst strax í þráðlaust háhraðanet

Verlanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | Facebook | Twitter

Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkort: 199 kr. greiðslugjald á mán. í 12 mán. Nánar á nova.is

**Stærsti
skemmtistaður
í heimi!**



Brandenburg

SVONA ERUM VIÐ



5.826 manns störfuðu í leikskólum á Íslandi í desember 2013, fleiri en nokkru sinni fyrr.

Alls störfuðu 5.826 manns í 5.099 stöðugildum í 256 leikskólum, eða 2,8 prósentum fleiri en árið áður.

Heimild: Hagstofa.is

Starfsgreinasambandið segir að kvörtunum vegna vangoldinna launa í ferðapjónustu hafi fjölgað í sumar:

Verður að taka hressilega til í greininni

VINNUMARKAÐUR „Við höfum gríðarlegar áhyggjur af þessari atvinnugrein. Ef Ísland ætlar byggja upp þessa ferðapjónustu þá þarf að taka mjög hressilega til,“ segir Drífa Snædal, framkvæmdastjóri Starfsgreinasambandsins. Hún segir að stéttarfélag hringinn í kringum landið hafi ekki haft undan í sumar við að greiða úr málum þeirra sem starfa innan ferðapjónustunnar og telja að þeir hafi verið hlunnfarnir í launum.

„Það eru tveir hópar innan ferðapjónustunnar, þeir sem greiða ekki rétt laun af kunnáttuleysi og þeir sem borga ekki rétt laun af ásetningi,“ segir hún og bætir við að það séu þeir sem séu tregir að borga rétt laun. Algeng mistök eru að greitt sé vaktaálag í stað yfirvinnu, þó að ekki sé um eiginlegar vaktir að ræða. Jafnaðarkaup er algengt þar sem ekki er gerður greinarmunur á dagvinnu og yfirvinnu og jafnvel eru þess dæmi að

starfsfólk sé á dagvinnukaupi á kvöldin og um helgar. Þá er svört vinna alltof tíð og sömuleiðis að ekki sé skilað af fólki gjöldum í stéttarfélag, lífeyrissjóði, starfsmenntasjóði, sjúkrasjóði og svo framvegis. Slíkt rýrir réttindi starfsfólks verulega og dæmi eru um að fólk sé jafnvel ekki tryggt í vinnunni. Atvinnurekendur verða að gera sér grein fyrir því að þá eru þeir skaðabótaskyldir ef eitthvað kemur fyrir.

-jme



ÁSETNINGUR Drífa Snædal, framkvæmdastjóri SGS, segir að margir innan ferðapjónustunnar vangreiði laun af kunnáttuleysi en aðrir af ásetningi.



DAVID CAMERON Forsætisráðherra Bretlands er sagður ætla að leggja fram tillögu um hryðjuverkamenn í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tillaga Davids Cameron: Snúi ekki aftur til Bretlands

BRETLAND Hryðjuverkamenn sem hafa fæðst í Bretlandi og barist í Írak og Sýrlandi fá ekki að snúa aftur til föðurlands síns, ef áætlanir ríkisstjórnarinnar ganga eftir.

Samkvæmt þeim fá þeir sem eru grunaðir um að taka þátt í hryðjuverkastarfssemi að halda breskum ríkisborgararétti sínum. Aftur á móti fá þeir ekki að snúa aftur til Bretlands í ákveðinn tíma, að því er kom fram á vef BBC. David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, er sagður ætla að leggja þessa tillögu fram á þinginu í dag. Talið er að að minnsta kosti 500 manns frá Bretlandi hafi farið til Sýrlands og tekið þátt í bardögum þar í landi.

Kenna málefni flóttafólks:

Námskeið um hælisleitendur

MENNTUN Hægt verður að sækja námskeið við Háskóla Íslands um málefni flóttafólks og hælisleitenda í haust. Námskeiðið er ætlað starfsmönnum sveitarfélaga, ríkisstofnana, félagasamtaka og nemandum í meistaranámi við HÍ.

Um er að ræða samstarfsverkefni milli Háskóla Íslands, Endurmenntunar HÍ og Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkur.

Kennt verður í þremur lotum, tvo daga í senn í október.

Fleiri sækja réttinn til húsaleigubóta

Á einu ári hefur þeim sem fá húsaleigubætur frá Reykjavíkurborg fjölgað um sex hundruð eða tæp níu prósent. Talið er að efnahagsþrengingar og hátt leiguverð fái fólk frekar til að sækja rétt sinn og þrýsta á leigusala að gefa upp leiguna.

VELFERÐARMÁL Um sex hundruð fleiri fengu húsaleigubætur í Reykjavík á fyrstu sex mánuðum þessa árs miðað við sama tíma í fyrra og hefur kostnaður vegna bótanna hækkað um tæp fimmtán prósent.

Elly Alda Þorsteinsdóttir, skrifstofustjóri Velferðarsviðs Reykjavíkur, segir fjölgunina fyrst og fremst vera á almennum markaði og námsmannaíbúðum. Aðspurð segist hún ekki vita með fullri vissu hver ástæða fjölgunarinnar er, en þar sem framboð leiguhúsnæðis hefur ekki aukist sé fjölgunin líklega tengd efnahagsástandinu. „En með hljóðsón af þeim efnahagsþrengingum sem þjóðin hefur gengið í gegnum er ekki órökrétt að áætla að fleiri eigi rétt á bótum en áður vegna lægri tekna,“ segir Elly Alda.

Hólmsteinn Brekkan, framkvæmdastjóri Samtaka leigjenda, segir líklega ástæðu fjölgunar vera að fleiri séu upplýstir um réttindi sín. „Við höfum hamrað á þessu við leigjendur því það eru svo margir sem hafa ekki hugmynd um bótaréttinn. Mikið af eldra fólki í þjónustuíbúðum sem við höfum talað við hefur til dæmis



REYKJAVÍK Formaður Félags leigumiðlara segir litla hreyfingu hjá leigumiðlurum enda fari margar íbúðir í leigu til ferðamanna og enn séu margir sem gefi ekki upp leiguna.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHEL

ekki haft hugmynd um hvað húsaleigubætur eru.“ Hólmsteinn segir fólk stóla meira á bæturnar með hækkingu leiguverði og þrýsta því meira nú en áður á leigusala að gefa leiguna upp.

Svanur Guðmundsson, formaður Félags leigumiðlara, tekur undir það og bætir við að leigjendur séu orðnir mun meðvitaðir um rétt sinn. „Ég veit af fjölmörgum dæmum þar sem leigjendur fara með samning í þinglýsingu og sækja svo um bætur, þrátt fyrir munnlegt samkomulag við leigusala um að gefa ekki upp leiguna,“ segir Svanur. „Enda á ekkert að þurfa að spyrja eigandann hvort það megi þinglýsa samningnum. Það munar svo miklu fyrir fjölskyldur að fá bæturnar og leigusalar geta lítið gert við þessu, annað en að segja leigusamningn-



SVANUR GUÐMUNDSSON

um upp, sem gerist stundum.“ Svanur segir þó einnig mörg dæmi þess að leigusalar vilji ekki leigja út íbúðir sínar til þeirra sem ætla að sækja um bætur, sem þýðir að erfiðara getur verið fyrir þá verst stöddu að fá íbúðir til leigu. „Og vegna svo mikillar eftirspurnar eftir leiguíbúðum hafa leigusalar mikil völd.“

Margt eldra fólk í þjónustuíbúðum sem við höfum talað við hefur til dæmis ekki haft hugmynd um hvað húsaleigubætur eru. Hólmsteinn Brekkan, framkvæmdastjóri Samtaka leigjenda.

erlabjorg@frettabladid.is



ARABÍSKA Foreldrar voru ósáttir við frjálsa tíma í arabísku. NORDICPHOTOS/AP

Hótanir frá foreldrum:

Reiði vegna arabískukennslu

SVÍPÍJÓÐ Eftir að margir grunnskólanemenda í Hanaskog og Knislinge í Svíþjóð höfðu beðið skólalæstjórana um að fá að vera með í móturálskennslu fyrir arabískumælandi skólafélaga sína var ákveðið að bjóða upp á arabísku sem valfag fyrir nemandur í þriðja bekk.

Í kjölfar þess að foreldrar fréttu af frjálsu arabískutímum fóru skólalæstjórnum að berast hótunarbréf, að því er segir í frétt á vef sænska ríkisútvarpsins.

-ibs

Lítil stjórn á faraldrinum:

Ebólan komin til Senegal

SENEGAL, AP Maður smitaður af ebólu ferðaðist til Senegal og varð því fyrsta skráða tilfellið af ebólusmiti í landinu.


Ebóluvaraldurinn hefur geislað í Gíneu, sem á landamæri að Senegal og þremur öðrum Vestur-Afríkurlöndum. Faraldurinn hefur þegar banað 1.500 manns á svæðinu.

Útbreiðsla sjúkdómsins til Afríku gefur til kynna að heilbrigðisfyrirvöld hafi ekki náð stjórn á útbreiðslu sjúkdómsins.

-ih

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



VÆTUSAMT EINKUM VESTAN TIL næstu daga en bjart austanlands á morgun og miðvikudag. Strekkingur með SA- og A-stöndinni á morgun en dregur svo úr. Milt í veðri hiti 8-17 stig, hlýjast norðaustan til.

AuglýsingaEldir Fréttablaðsins - Auglýsingastjóri: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hjórdís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laíla Awad laila@365.is, Sveinir Birgir Sveinsson sveinir@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is FÓLK/LÍFID/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kkolbeins@365.is, FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNÍ: Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarssdóttir vera@365.is RÁÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hranar Helgason hhrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

ÓDÝRT!
NICOTINELL FRUIT

15% afsláttur af öllum pakkingum

Afslátturinn gildir í september.

Lyfjaval Mjódd Álftramýri Bílaapótek Hæðasmára

APÓTEK Lyfjaval.is • sími 577 1160



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

VELDU ÞÉR
~ SKEMMTILEGT ~
AKSTURSLAG



NÝR YARIS

Nýr og breyttur Yaris heldur í við framtíðina með snjallri hönnun að innan sem utan. Háþróað margmiðlunarkerfi, nýr 7" skjár og bakkmyndavél ásamt öflugum öryggisbúnaði eru umgjörðin fyrir þitt uppáhalds aksturslag. Hagkvæm eldsneytisnotkun og minni CO₂ útblástur fellur lipurlega að afslöppuðum akstri hvort sem þú velur **bensín-, dísil- eða hybrid-útgáfuna**. Líttu inn hjá viðurkenndum söluaðilum Toyota. Skoðaðu, reynsluaktu og taktu lagið á nýjum Yaris.

Verð frá 2.690.000 kr.

Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Bíllinn á myndinni kann að vera búinn aukahlutum sem ekki eiga við uppgefið verð og allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

VEISTU SVARIÐ?



1. Hver er heiðursgestur RIFF í ár?
2. Hversu margir Sýrlendingar hafa flúið land vegna borgarastyrjaldarinnar þar í landi?
3. Hvaða þrír nýliðar eru í hópi íslenska karlalandsliðsins í knattspyrnu fyrir fyrsta leik liðsins á undankeppni EM?

SVÖR

1. Þreski leiksfórninn Mike Leigh
2. Þrjár milljóðni manna
3. Ingar Jónsson, Haukur Heiðar Hauksson og Hörður Björgvin Magnússon.

Gagnagrunnur er í vinnslu sem er hluti af verkefni um kortlagningu á auðlindum ferðaþjónustunnar: 200 fulltrúar skoða um fimm þúsund staði

FERÐAÞJÓNUSTA Tæplega tvö hundruð samráðsfulltrúar hafa verið tilnefndir af sveitarfélögum og öðrum hagsmunaaðilum í ferðaþjónustunni til að koma að skráningu gagnagrunns. Hann er hluti af verkefni um kortlagningu á auðlindum ferðaþjónustunnar sem aðráttaráfl fyrir ferðamenn á landsvísu.

„Þeir tilgreina hvernig eignarhaldið er, hvernig á að komast á staðinn, hvernig aðgengið er, hvort það er salernisadstaða þar, bílastæði og fleira,“ segir Halldór Arinbjarnarson, upplýsingastjóri Ferðamálastofu, spurður út í starf samráðsfulltrúanna. Verkefnið var boðið út og var verkfræðistofan Alta með hagstæðasta tilboðið. Það hljóðaði upp á fimmtán milljónir króna og samkvæmt því þurfa fulltrúarnir, sem fá ekkert greitt fyrir vinnu sína, að vera búnir að kortleggja allt að sex þúsund staði í byrjun nóvember næstkomandi.

Að sögn Halldórs er niðurstaðan sú að rúmlega fimm þúsund staðir verða kannaðir og eru flestir þeirra

400 staðir sem verða skoðaðir í Húnaþingi vestra.

í Húnaþingi vestra og Borgarbyggð, eða um 400 á hvorum stað. „Þetta er risastórt verkefni og það verður gaman að sjá hvernig til tekst,“ segir hann.

Lítið er á gagnagrunninn sem fyrsta áfanga í langtímaverkefni sem snýst um að dreifa ferðamönnum betur yfir tíma og rúm, allt árið um kring.



STROKKUR Bæði þekktir og lítt þekktir ferðamanna staðir verða hluti af gagnagrunninum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



SVEINBJÖRG BIRNA SVEINBJÖRNSDÓTTIR Spyr um ýmsar nefndir.

Spyr um nefndakostnað: Vill vita laun nefndarmanna

REYKJAVÍKURBORG Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir, borgarfulltrúi Framsóknarflokksins, hefur óskað eftir upplýsingum um það hvernig greiðslum sé háttáð til þeirra sem sitja í tilteknum nefndum á vegum borgarinnar.

„Er aðeins verið að greiða fyrir fulltrúa sem hún skipar sjálf eða aðra líka?“ spyr Sveinbjörg. Meðal nefnda sem hún spyr um eru nefnd um afréttarmál í landnámi Ingólfs, úthlutunarnefnd barnabókaverðlauna, dómnafnd um Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar, ferlinefnd fatlaðra, samráðsnefnd um málefni aldraðra og stjórn Sinfóníuhljómveitar Íslands.

Skógarskaðar á Suðurlandi: Fura og fjallaþinur sviðin

UMHVERFISMÁL Fura og fjallaþinur á Suðurlandi eru sviðin og ljót, að því er fram kemur á vefnum skogarbondi.is.

Talsvert er um að tré hafi drepist en skógarbændur tóku fyrst eftir skaðanum í apríl.

Sunnlenskir skógarbændur segja að vind- og þurrkskaðar séu miklir, og áberandi mestir á trjám sem standa á vindasömum stöðum. Þar sem nýtur algjörs skjóls er skaðinn minni en oft einhver. Fleiri þættir veðurfarsins virðast því hafa áhrif.

Konum sem berja karlinn sinn boðið upp á meðferð

Nýlega var byrjað að bjóða upp á meðferð fyrir konur sem beita ofbeldi í nánnum samböndum. Fjöldi gerenda sem leita sér aðstoðar eykst með ári hverju. Mest fjölgar ungum körlum sem fara í meðferð eftir eitt tilvik.

VELFERÐARMÁL Síðastliðið vor var farið af stað með meðferðartilboð fyrir konur sem eru gerendur heimilisofbeldis. Meðferðin er í boði hjá átakinu Karlar til ábyrgðar, sem hingað til hefur verið sérhæft meðferðarúrræði fyrir einungis karla sem beita ofbeldi í nánnum samböndum.

Tvær konur hafa komið til meðferðar og segir Andrés Ragnarsson, sálfræðingur hjá Körlum til ábyrgðar, að líkamlegt ofbeldi sem konur beiti komi sjaldnar upp á yfirborðið. „Karlar eru líkamlega sterkari og afleiðingar ofbeldisins verða oft verri. Þar af leiðandi verður ofbeldið sýnilegra og gripið fyrr inn í af barnaverndaryfirvöldum eða lögreglu.“

Þeim sem leita sér meðferðar hjá Körlum til ábyrgðar hefur fjölgað mikið. Á fyrstu átta mánuðum þessa árs hafa fjórutíu nýir karlar sótt meðferð og 25 mál haldið áfram frá fyrra ári. Árið 2013 komu alls 45 nýir karlar í meðferð á öllu árinu og því talið að aukningin verði 20-30 prósent á milli ára.

Andrés segir fjölgunina felast einkum í þremur hópum. Það séu ungir gerendur sem koma eftir eitt ofbeldistilvik og vilja strax taka á sínum vanda. Það séu fleiri tilvísanir frá barnaverndarnefndum, ekki síst frá Suðurnesjunum þar sem mikið átak hefur verið gegn heimilisofbeldi, og í þriðja lagi komi fleiri karlar af eigin hvötum til meðferðar.

„Ég tel að aukningin hjá okkur sé ekki merking um að ofbeldið sé að aukast heldur að aukin umræða um þessi mál og vitund-

445 ofbeldismenn hafa farið í meðferð hjá Körlum til ábyrgðar frá árinu 2006.

37 nýir karlar og 18 frá fyrra ári fóru í meðferð árið 2012.

45 nýir karlar og 22 frá fyrra ári fóru í meðferð árið 2013.

40 karlar hafa komið í meðferð á fyrstu átta mánuðum þessa árs og 25 frá fyrra ári.

2 konur hafa komið í meðferð á þessu ári.

arvakningin skili sér í að fleiri leiti sér hjálpar,“ segir Andrés og bætir við að fólk sé farið að átta sig á áhrifunum sem ofbeldið hefur á börnin á heimilinu.

„Afleiðingar heimilisofbeldis á börn eru mun meiri en fólk hefur gert sér grein fyrir. En nú eru bæði gerendur og makar farnir að grípa fyrr í taumana og bjóða ekki börnum sínum upp á þessar aðstæður.“

Bæði er boðið upp á einstaklingsmeðferð og hópmeðferð fyrir gerendur ofbeldis, og er hópmeðferðin alltaf fullsetin. Einnig er öllum mökum boðið í viðtal eftir að gerandi hefur hafði meðferð.



HEIMILISOFBELDI Aukin umræða um ofbeldi og afleiðingar þess á börn sem og auknið eftirlit barnaverndar og lögreglu hefur skilað sér í því að fleiri gerendur leita sér hjálpar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



„Karlar eru líkamlega sterkari og afleiðingar ofbeldisins verða oft verri. Þar af leiðandi verður ofbeldið sýnilegra og gripið fyrr inn í af barnaverndaryfirvöldum eða lögreglu.“

Andrés Ragnarsson, sálfræðingur hjá Körlum til ábyrgðar.

Sensodyne fyrir viðkvæmar tennur

TANNBURSTAR OG TANNKREM FYRIR VIÐKVÆM SVÆÐI



NÝ OG BETRI HÖNNUN!

Prófaðu Sensodyne vörurnar og finndu muninn.

SENSODYNE



“Ég hef lengi haft mikinn áhuga á grafík og hönnun. Eftir námið hjá NTV hef ég ekki bara öðlast djúpan skilning á þeim forritum sem mest er unnið með heldur þekki ég frágangsfærið og get skilað af mér verkum - skammlaust,, :-)

Davíð Örn Óskarsson - Tólmstundarleiddbeinandi



Upplýsingar og skráning:
544 4500 / www.ntv.is

NÚ HANNA ÉG SJÁLFUR ALLAR AUGLÝSINGAR FYRIR VINNUSTAÐINN

Dag- eða kvöldnám með vinnu

Grafísk hönnun NTV

156 stundir - 229.000 - Dag- og kvöldnámskeið byrja 11 sept.

Grafísk hönnun NTV er sérlega skemmtilegt og hagnýtt nám fyrir þá sem vilja sjálfir vinna kynningarefni fyrir prentmiðla, hanna skjáauglýsingar og læra litgreiningu og almenna myndvinnslu. Kennt er á Adobe forritin sem eru allsráðandi í grafíska geiranum í dag: Illustrator (teikning), InDesign (umbrot) og Photoshop (myndvinnsla).

Auk þess að kenna á forritin er rík áhersla lögð á verklag, hugmyndavinnu og frágang. Markmið námskeiðsins er að nemendur geti komið frá sér hugmyndum sínum á tölvutæku formi og að frágangur allra verka sé eins og best verður á kosið. Æskilegt er að nemendur hafi grunnþekkingu á tölvum. Vakin er athygli á að þeir sem ljúka þessu námi fá ekki starfsheitið „Grafískur hönnuður“ enda er það lögverndað starfsheiti.

Skipting námsgreina:

- Mismunandi gerð kynningarefnis - 6 stundir
- Adobe Illustrator - 42 stundir
- Adobe Photoshop - 36 stundir
- Adobe InDesign - 30 stundir
- Meðhöndlun lita - 6 stundir
- Letur og leturfræði - 6 stundir
- Skipulag, vistun og frágangur - 6 stundir
- Samskipti við fjölmiðla og prentsmiðjur - 12 stundir
- Lokaverkefni - 12 stundir

Fleiri ánægðir nemendur ...

Námskeiðið í Grafískri hönnun hefur gagnast mér vel. Þar náði ég tökum á grundvallaratriðum í notkun á Photoshop, Illustrator og InDesign. Í kjölfarið fékk ný og spennandi tækifæri í vinnunni.

Elísabet Ágústsdóttir

fyrirverandi nemandi í Grafískri Hönnun

Námskeiðið í Grafískri hönnun reyndist mér mjög gagnlegt í alla staði. Námsfernið var gott og kennarinn var mjög fær og miðlaði vel því efni sem farið var í.

Rafn Gíslason - heimavinandi hönnuður

fyrirverandi nemandi í Grafískri hönnun

Grafísk hönnun er frábært nám sem getur hjálpað þér bæði í vinnu og frítíma.

Þorgrímur Sveinsson - Innkaupastjóri

fyrirverandi nemandi í Grafískri hönnun

Leituðu að veikum dreng: Lögreglan biðst ekki afsökunar

BRETLAND Breska lögreglan ætlar ekki að biðjast afsökunar á því hvernig hún framkvæmdi leitina að fimm ára dreng með heilaæxli, sem foreldrar hans tóku af sjúkrahúsi gegn læknisráði. Ashya King fannst í Malaga á Spáni á laugardaginn eftir að alþjóðleg leit hafði farið fram. Foreldrar drengsins voru handteknir. Í myndbandi sem var birt á vefsíðunni YouTube sagði Brett King, faðir drengsins, að málið í heild sinni hefði verið fátíðlegt.

Forseti Rússlands hvetur stjórnvöld í Úkraínu til að finna pólitíska lausn: Pútín hvetur til friðarviðræðna

ÚKRAÍNA, AP Vladimir Pútín, forseti Rússlands, hefur hvatt stjórnvöld í Úkraínu til að hefja þegar í stað viðræður um pólitíska lausn á ástandinu í austurhluta Úkraínu.

Í viðtali við sjónvarpsstöðina Channel 1 sagði hann að Úkraína ætti að „fara í alvarlegar viðræður, ekki um tæknileg atriði, heldur um pólitískt skipulag samfélagsins og ríkisins í suðaustur Úkraínu, með það að markmiði að tryggja hagsmunum fólksins sem þar býr.“

Þrátt fyrir að hafa notað orðið

„ríki“ sér Pútín ekki fyrir sér að svæðin tvö þar sem aðskilnaðarsinnar hafa reynt að ná völdum öðlist sjálfstæði. Hann hafnaði jafnframt tillögum um að Rússland taki þátt í viðræðum um vopnahlé í deilunni, sem hefur samkvæmt tölum Sameinuðu þjóðanna kostað tæplega 2.600 manns lífið.

Hann neitaði einnig ásökunum um að rússneskir hermenn hefðu á ólöglegan hátt farið yfir landamæri austurhluta Úkraínu til að hjálpa aðskilnaðarsinum.



VLADIMIR PÚTÍN Forsetinn vill ekki að Rússar taki þátt í samningaviðræðunum.

Ráðstafanir á Gardermoen: Vél lenti með sprungið dekk

NOREGUR Flugvél af gerðinni Airbus A321 með 191 farþega um borð lenti heilu og höldnu á Gardermoen-flugvelli í Osló í gær með sprungið dekk. Miklar varúðarráðstafanir höfðu verið gerðar á flugvelli en landing vélarinnar gekk vel.

„Við erum með nóg af mannskap í viðbragðsstöðu og lítum ástandið alvarlegum augum,“ sagði Lasse Vangstein, upplýsingafulltrúi flugvallarins, í samtali við Aftenposten áður en vélin lenti.

Fagurt sprungugos í Holuhrauni

Jarðvísindamen telja að gosið í Holuhrauni sé dæmigert basískt sprungugos. Þeir segja að líkt og öll eldgos sé það fallett. Síðdegis í gær gaus á um tveggja kílómetra sprungu. Mjög slæmt veður var á gossvæðinu og áttu vísindamenn í vandræðum með að athafna sig.

ELDGOSS „Þetta er fallett gos, það eru öll eldgos fallett,“ segir Ármann Höskuldsson jarðeðlisfræðingur en hann var við gosstöðvarnar í Holuhrauni í gær. Snælduvitlaust veður var á gosstöðvunum og áttu jarðvísindamenn í erfiðleikum með að athafna sig fyrri part dags í gær. Síðdegis höfðu jarðvísindamenn ekki komist að gosstöðvunum vestan megin og vissu því ekki hvort hraun hefði runnið þar.

Jarðvísindamenn töldu að gossprungan væri orðin um tveir kílómetrar um miðjan dag og þá gaus á allri sprungunni og virtist gosið frekar vera að færast í aukana. Stórir gossbólstrar stigu í átt til himins.

„Það er mikil kvika í hrauninu, það er þunnfljótandi. Það bunnkast upp, svo allt í einu verða litlar sprengingar og hraunið ryðst áfram af miklum krafti,“ segir Ármann. Um klukkan fimm í gær hafði hrauntungan skriðið um 1,5 kílómetra frá gosstöðvunum.

Magnús Tumi Guðmundsson jarðeðlisfræðingur segir að gosið í Holuhrauni virðist við fyrstu sýn vera meðal gos. Hann segir einna helst hægt að líkja gosinu við Kröflugos.

„Þetta er ekkert stórgos. Það er hægt að lýsa þessu sem dæmigerðu basísku sprungugosi. Gossprungan er þó frekar stutt en það flæðir mikið úr henni,“ segir Magnús Tumi. Hann segir allt of snemma að ætla að reyna að spá fyrir um gossframvinduna næstu daga. Þó sé líklegt að gossvirknin færist í einn megingíg þegar frá líður.

Freysteinn Sigmundsson, jarðeðlisfræðingur á Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands, segir að gosið í Holuhrauni sé í beinu framhaldi af atburðarás síðustu daga.

„Það var bergkvika að streyma inn í ganginn á svæðinu og nú er hún kominn upp á yfirborðið. Það er búið að vera mikið innstreymi kviku inn í ganginn. Nú verðum við að sjá hvort það hægir á víkkun gangsins og gosið nú létti af þrýstingi,“ segir Freysteinn. Hann segir að það sé fátt sem komi á óvart í þessu gosi.

„Það er hægt að segja að þetta sé ákjósanleg staða. Meðan kvika er á ferðinni neðanjarðar er þetta besti staðurinn,“ segir Freysteinn.

Kristín Vogfjörð, jarðeðlisfræðingur á Veðurstofu Íslands, segir að heldur hafi dregið úr skjálftavirkninni í Bárðarbungu en hún sé þó enn mikil. Í gærdag urðu um 700 skjálftar í Bárðarbungu, sá stærsti varð í gærmorgun um fimm að stærð og annar litlu minni eða fjórir komma níu varð um klukkan fjögur.

Svæðið í kringum gosstöðvarnar er lokað fyrir umferð almennings. Á hverjum degi fer fram áhættumat og meðan menn telja að vá geti verið fyrir dyrum er lokað.

„Það sem við erum hræddir við er að gosið opnast annars staðar og það byrji að gjósa undir jöklinum. Þá getur skapast mikil flóðahætta og þeir sem væru inni á svæðinu gætu verið í hættu staddir,“ segir Víðir Reynisson, deildarstjóri almanna- varnadeildar Ríkislögreglustjóra.

johanna@frettabladid.is



TILKOMUMIKIÐ Gosið var tilkomumikið í gær. Búið er við að gossvirknin færist í einn megingíg á næstunni.

MYND/ÁRMANN HÖSKULDSSON.



LOKAÐ Hraunið skriður fram hægt en bitandi. Vísindamenn óttast enn að gosið geti á fleiri stöðum. Því er ekki talið óhætt að leyfa umferð almennings um svæðið.

MYND/ÁRMANN HÖSKULDSSON

Gospunktur

- Hraungos hófst í Holuhrauni, líklega upp úr kl. 04 í fyrrinótt, á sama stað og gaus fyrir tveimur dögum. Í upphafi virtist sprungan um 1,5 kílómetar á lengd en hún stækkaði þegar leið á daginn og var talin um tveir kílómetrar síðdegis.
- Hraunstraumurinn var um það bil kílómetri á breidd og rann til norðausturs. Hraunið er talið nokkurra metra þykkt og flæðið var að líkindum um 250-300 m³ á sekúndu.
- GPS-mælingar sýna áframhaldandi gliðnun á svæðinu norðan Dyngjujökuls.
- Gasbólstrar rísa frá sprungunni í nokkur hundruð metra hæð.
- Veðurskilyrði gerðu vísindamönnum erfitt að fylgjast með gosinu í gær.
- Ekki var hægt að fljúga yfir gosstöðvarnar vegna veðurs í gær.

www.volkswagen.is

Aukabúnaður á mynd: Samlitlir handföng, sólpak, þokuljós, listar á hurðum, króm á speglum.

Volkswagen Take up! kostar
1.990.000 kr.

Eyðsla frá 4,1 l/100 km

Volkswagen up!

Meistari í sparsemi

Samkvæmt könnun breska bílablaðsins Autoexpress er enginn bíll ódýrari í rekstri en Volkswagen up! Með Volkswagen up! hafa jafnframt verið sett ný viðmið í hönnun því hann er einstaklega nettur að utan en afar rúmgóður að innan.



Komdu og reynsluaktu Volkswagen up!

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

TILBOÐ



1. KG KARTÖFLUR

FYLGIR HVERJU SELDU KÍLÓI AF FISKI

TIL DÆMIS: 1. KG FISKUR – 1. KG KARTÖFLUR
5. KG FISKUR – 5. KG KARTÖFLUR



GELLUR

NÝJAR
OG LÉTTISALTADAR

1.590
kr.kg

FISKIBOLLUR

2 FYRIR 1

2 kg
1.500 kr

GLÆNÝR LAX

Í FLÖKUM

2.590
kr.kg

**TILBOÐIÐ
GILDIR
ALLA VIKUNA**



FISKIKÓNGURINN

SOGAVEGI 3
HÖFÐABAKKA 1



www.fiskikongurinn.is

GRÍPTU TILBOÐIÐ

Finndu Fiskikónginn á



LOK FYRIR HEITA POTTA

Sterkustu lokin á markaðinum í dag

Lok til á lager

Eigum til á lager:

Stærðir:

174x217 cm

200x200 cm

210x210 cm

217x217 cm

220x220 cm

217x235 cm

235x235 cm

8 hyrnd lok,

(passar á Unaðskel)



Lokin þola
1.000 kg
snjóþunga.



**HITAVEITUSKELJAR OG
RAFMAGNSPOTTAR**



Sölustaður

HEITIRPOTTAR.IS

**FISKIKÓNGURINN
SOGAVEGI 3
SÍMI: 777 2000**

Kostar 40-50 milljónir að laga: Óviðunandi að húsin haldi ekki

HEILBRIGÐISMÁL „Þetta er óviðunandi. Vonandi fáum við fjármuni til að laga húsin svo að þau haldi vatni,“ segir Ingólfur Þórisson, framkvæmdastjóri rekstrarsviðs LSH, en fötum var komið upp víða á göngum spítalans vegna vatnsleka í stormviðrinu um helgina.

„Við höfum staðið í viðgerðum í Fossvogi og á Landakoti, en höfum ekki fjármuni til að takast á við að endurnýja þakdúkinn sem myndi kosta um 40-50 milljónir.“

- ósk

Hagnaður Orkuveitu Reykjavíkur á fyrri árshelmingi nam 3,8 milljörðum: Eigið fé tvöfaldast á fimm árum

ORKUMÁL Eigið fé Orkuveitu Reykjavíkur hefur tvöfaldast frá árinu 2009 og nemur nú 83,5 milljörðum króna. Þetta kemur fram í árshlutauppgjöri fyrirtækisins sem staðfest var af stjórn og forstjóra á föstudag. Hagnaður Orkuveitusamtæðunnar á fyrri helmingi ársins nam 3,8 milljörðum króna og rekstrarhagnaður (EBIT) var 7,5 milljarðar króna.

Rekstraráætlun Orkuveitunnar, sem kallast Planíð, var gerð til tæplega sex ára og gildir út árið



BJARNI BJARNASON forstjóri OR

2016. Markmið hennar var að skila samstæðunni liðlega 50 milljarða króna betri sjóðstöðu, fyrst og fremst með sparnaði í rekstri, en einnig með eignasölu, láni frá eigendum og auknum tekjum. Um mitt ár 2014, þegar tímabil Plansins var liðlega hálfnað, áttu aðgerð-

3,8 milljarða hagnaður var af rekstri Orkuveitu Reykjavíkur á fyrri helmingi ársins.

irnar að hafa skilað 39,8 milljörðum króna. Niðurstaðan er hins vegar 46,4 milljarðar, sem er 17% umfram markmið. Í tilkynningu frá Orkuveitunni segir að áfram verði unnið eftir planinu til ársloka 2016.

- jhh



ORKUVEITUHÖLLIN Planíð nær til 2016. FRÉTTABLAÐIÐ/ROBERT

Þrjár hrefnur veiddust í ágúst

Aðeins 22 hrefnur hafa veiðst á þessari vertíð og var fyrstu tveimur dýrunum í ágústmánuði landað á fimmtudag. Á sama tíma í fyrra höfðu 36 hrefnur veiðst. Skortur hafði verið á hrefnukjöti á veitingastöðum vegna dræmrar veiði. Kvótinn er 229 hrefnur en til að anna eftirspurn þarf að landa fjörutíu til fimmtíu dýrum. Veiðar mega standa yfir í sex mánuði og lýkur þeim í lok október.

HVALVEIÐAR Hrefnuveiði hefur gengið afar illa á þessari vertíð og hefur aðeins 22 hrefnur verið landað síðan veiðar hófust 30. apríl.

Á sama tíma í fyrra höfðu veiðst 36 hrefnur á þremur hvalveiðiskipum en í ár hefur aðeins verið ein útgerð. Einn bátur var notaður í vor og svo tók hvalveiðiskipið Hrafnreyður KÓ-100 við af honum. Það er gert út frá Sandgerði og fór á veiðar í blíðskaparveðri á fimmtudag og veiddi þá fyrstu tvö dýrin í ágústmánuði. Annað bættist svo við á laugar dag.

„Þetta gekk þökkalega í vor en svo hefur dregið svakalega úr þessu,“ segir Gunnar Bergmann Jónsson, talsmaður hrefnuveiðimanna, aðspurður, en er þó að vonum ánægður með veiðina síðustu daga.

Helstu skýringuna á dræmum veiðum segir hann að minna sé af hrefnu á Faxaflóa, þar sem veiðarnar hafa að mestu farið fram, en verið hefur. „Ekki það að þetta sé að koma okkur verulega á óvart en þetta hefur verið minnkandi ár frá ári síðan 2009. Það skiptir líka gríðarlegu máli fyrir þessar veiðar að veðrið hefur verið alveg einstaklega dapurt. Í fyrra var það dapurt og núna hefur sjóveður verið enn þá verra en í fyrra. Þessir brælugar þar sem við liggjum með bátinn inni hafa verið miklu fleiri en undanfarin ár,“ segir hann.

Hrefnuveiðikvótinn í ár er 229 dýr en Gunnar Bergmann segir það ekki markmið að uppfylla hann. Í fyrra hafi samtals verið veidd 38 dýr en helst þyrfti að veiða á bilinu fjörutíu til fimmtíu til að anna eftirspurn eftir kjötinu. Þangað til á fimmtudag hafði Gunnar ekki dreift neinu hrefnukjöti í verslanir í ágúst og hrefnukjötið sem hafði farið inn á veitingastaði var við það að klárast. Helgin bjargaðist þó með veiðunum á fimmtudag.

Engu að síður gæti orðið skortur á hrefnukjöti í vetur. „Við þurfum að fá alla vega tólf til



ERFIÐUR ÁGÚST-MÁNUÐUR Gunnar Bergmann Jónsson (til vinstri) um borð í Hrafnreyði. Fyrstu tvær hrefnurnar í ágústmánuði veiddust á fimmtudag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

fjórtán dýr í viðbót til að eiga á milli tímabila þangað til við byrjum aftur í apríl, annars verðum við lens seint í vetur. En ef við fáum nokkra svona daga hef ég ekki áhyggjur af því.“

Samkvæmt samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins skal veiði á hrefnu ekki standa yfir lengur en í sex mánuði samfelld á hverju ári og mega veiðarnar standa yfir til 30. október í ár. „Þetta er í fyrsta skipti sem við erum svona lengi. Við verðum alla góða daga í september og október til að ná í þær birgðir sem við þurfum að hafa fyrir veitingastaðina í vetur,“ segir Gunnar.

freyr@frettabladid.is

Óvenjulegt að ekkert veiddist í mánuð

Gísli A. Víkingsson, hvalasérfræðingur hjá Hafrannsóknarstofnun, segir það afar óvenjulegt að ekkert hefði veiðst í um einn mánuð, eða þangað til hrefnunum þremur var landað í lok ágúst.

Lítið hefur veiðst af hrefnu undanfarin ár og telur hann megin skýringuna vera fæðuna. „Við gerðum mjög ítarlegar rannsóknir á hrefnunni 2003 til 2007 og þá var sandslí aðal fæða hennar sunnanlands. Síðan hrynur sá stofn 2005 og 2006 og hefur ekkert náð sér síðan. Þetta er sama skýringin og með lundann í Vestmannaeyjum sem treystir líka mikið á sandslíð,“ segir Gísli, aðspurður. „Við höfum ekki gert formlega talningu síðan 2009 en það er á döfinni á næsta ári að gera nýja hvalatalningu og þá vonandi skýrist þetta allt.“ Hann bætir við að grunnundirstaðan fyrir breytingunum sé hækkandi sjávarhiti.

Miðað við hvalaskoðunargögn telur Gísli að meira sé af hrefnunni fyrir norðan heldur en í Faxaflóa. „Menn hafa verið að kenna hverjir öðrum um, hvalaskoðunarmenn og hrefnuveiðimenn, að þeir fæli hrefnuna burt. En ég hallast að því að þetta sé fyrst og fremst spurning um fæðu.“

Hann nefnir einnig að útbreiðsla langreyðar virðist líka vera að breytast. Dýrið hafi veiðst sunnalands í sumar þrátt fyrir að venjulega fari veiðarnar fram vestur af landinu. Þar sé breytt fæða líklega skýringin. „Í nýlegum makrilleiðangri kom fram að áta var með allra minnsta móti á þessu svæði á milli Íslands og Grænlands, sem eru hefðbundnu langreyðarmiðin, en mikill makrill. Fyrir sunnan virðist hún [langreyðurin] vera að miklu leyti að éta kolmunna. Þetta er mjög mikil breyting því 98 prósent af fæðu hennar var ljósáta. Þetta bendir til þess að það sé mjög lítil ljósáta á þessu svæði í ár.“

„Við þurfum að fá alla vega tólf til fjórtán dýr í viðbót til að eiga á milli tímabila þangað til við byrjum aftur í apríl, annars verðum við lens seint í vetur.“

Gunnar Bergmann Jónsson, talsmaður hrefnuveiðimanna.

VIKULEGI SKAMMTURINN VAR BÚINN

„Ég fékk eins og allir hinir, vikulegan skammt, og hann var búinn,“ segir Úlfar Eysteinnsson, veitingamaður hjá Premur frökkum um skortinn á hrefnukjöti.

Hann óttast að ekkert íslenskt hrefnukjöt verði á boðstólum hjá honum í vetur því engar birgðir séu komnar upp.

Úlfar varð einnig uppkroppa með hrefnunna í fyrra og bauð í staðinn upp á langreyði sem hann fékk frá Kristjáni Loftssyni. „Það er þægjandi samkomulag um að við notum hrefnuna á meðan hún veiðist, þannig að viðkomandi njóti veiðanna,“ segir hann. „Þegar kemur að því [að hrefnukjötið klárast] þá flyt ég bara inn hrefnu frá Noregi, það er nóg til af henni þar.“

LYFJA
- Lífið heil

20%
afsláttur

Gildir út september.

Nicorette

Fruitmint, forðaplástrar og innsogslyf. Allar pakkningar og styrkleikar.



www.lyfja.is

Lægra
verð í
Lyfju

Til hamingju Stjarnan!

Við óskum Stjörnunni til hamingju með Borgunarbikarinn 2014.
Borgun styður íslenska knattspyrnu og er stoltur bakhjarl Borgunarbikarsins.



BORGUN



Ármúla 30 | 108 Reykjavík | Sími 560 1600 | www.borgun.is



DÓMUR FELLUR Í NÆSTU VIKU Réttarhöld yfir Pistorius eru senn á enda.
AFP/NORDICPHOTOS

Lögmaður Oscar Pistorius: Segir lögreglu selja málgögn

DÓMSMÁL Dómur í máli suður-afríska hlauparans Oscars Pistorius er væntanlegur þann 11. september. Barry Roux, lögmaður Pistorius, sakaði lögregluna um spillingu í fyrirlestri sem hann hélt fyrir lögfræðinema í Wits-háskóla í Jóhannesarborg.

„Þeir eru seinir og mæta ekki með rétt gögn í réttarsalinn. Stundum vegna þess að þeir hafa selt gögnin. Stundum vegna þess að þeir hafa týnt þeim.“ Roux hefur ítrekað sakað lögreglu um að fara illa með sönnunargögn í málinu, en Pistorius er grunaður um að hafa myrt kærustu sína að yfirlögðu ráði í febrúar, 2013.

- ósk

Mikill fjöldi barna með fötlun bíður eftir stuðningi

Tæplega fimm hundruð eru á biðlista í Reykjavík eftir stuðningsþjónustu. Aðallega fötluð börn sem þurfa stuðningsfjölskyldu og fatlað fólk sem þarf félagslegan stuðning. Of fáir sækjast eftir störfunum til að mæta þörfinni.

VELFERÐARMÁL Kostnaður Reykjavíkurborgar vegna stuðnings við fatlað fólk í formi liðveislu eða stuðningsfjölskyldna hefur minnkað um 10-12 prósent á milli ára. Eftirspurnin eftir þjónustunni hefur þó alls ekki minnkað enda eru á fimmta hundruð manns á biðlista, þar á meðal fjöldi barna sem bíða eftir liðveislu eða stuðningsfjölskyldum.

Berglind Magnúsdóttir, skrifstofustjóri þjónustu heim á velferðarsviði Reykjavíkurborgar, segir biðlistann hafa lengst lítillega frá því í fyrra og vandann felast í of fáum starfs-umsóknum. „Við höfum ekki fengið nógu mikið af umsóknum um að gerast stuðningsforeldrar til að mæta eftirspurn.“



BERGLIND MAGNÚSDÓTTIR

Berglind segir töluverðar kröfur gerðar til þeirra sem sinna starfinu; viðkomandi þurfi að vera heilsteypur og með hreint sakavottorð og velja þurfi hvern og einn af kostgæfni enda sé um náð samstarf tveggja aðila að ræða. „Því væri æskilegra að við hefðum fleiri umsóknir til að velja úr. Störf með fötluðu fólki og börnum eru



María Hildibórsdóttir, framkvæmdastjóri Sjónarhóls

gríðarlega gefandi og skemmtileg og henta vel með námi, ég vona að fólk sjái tækifærið í því.“

„Það getur verið grundvallaratriði fyrir foreldra að fá stuðningsfjölskyldu,“ segir María Hildibórsdóttir, framkvæmdastjóri Sjónarhóls, ráðgjafarmiðstöðvar fyrir foreldra barna með sérþarfir. „Sérstaklega þegar umönnun barnsins er mikil. Sum börn með fatlanir sofa til dæmis lítið og foreldrarir þá líka.“

María segir oft erfiðara að fá stuðningsfjölskyldur og liðveislu fyrir börn eftir því sem þau verða eldri, einnig börn sem eru með hegðunar- og samskiptavanda eða á einhverfurófi. „Einmitt fyrir þessar fjölskyldur getur stuðningur skipt sköpum til að fá nauðsynlega hvíld.“

María bætir við að mikill vilji sé fyrir hendi hjá félagsþjónustunni að útvega stuðning en erfitt virðist vera að finna fólk í störfunum.

„Það getur verið grundvallaratriði fyrir foreldra að fá stuðningsfjölskyldu“



BÖRN Flestir á biðlistunum eru fötluð börn og fjölskyldur þeirra sem óska eftir stuðningsfjölskyldum.

12% minni kostnaður Reykjavíkurborgar vegna liðveislu fyrir fatlað fólk á milli ára. Liðveisla er hugsuð sem stuðningur til að rjúfa félagslega einangrun.

gæti það mögulega tengst launakjörum. Það breyti þó ekki því að mikil þörf sé fyrir þjónustuna og hún sé lagalegur réttur fatlaðra barna.

erlabjorg@frettabladid.is

10% minni kostnaður borgarinnar vegna stuðningsfjölskyldna fyrir fötluð börn á milli ára.

461 er á biðlista eftir stuðningsþjónustu í Reykjavík. Flestir á listanum bíða eftir liðveislu og stuðningsfjölskyldum.

LÚSAKAMBUR

MEDISANA®
made for Life

3ja ára ábyrgð!

Medisana 41015

ÍSLENSKUR LEIÐARVÍSIR

Vandaður og góður rafmagns lúsakambur sem fjarlægir höfuðlús og egg einfaldlega með því að greiða í gegnum hárið. Innbyggður hreinsibursti.

ÚTSÖLUSTAÐIR: HAGKAUP, SAMKAUP, BYGGT OG BÚIÐ, NETTÓ, HEIMILISTÆKI OG APÓTEK UM LAND ALLT.

Bundu enda á umsátur: Réðust inn í bæinn Amirli

BAGDAD, AP Íraskar öryggisveitir og sjíta-vígamenn réðust inn í bæinn Amirli og bundu enda á sex vikna umsátur íslömsku öfgahreyfingarinnar Íslamska ríkið um bæinn. Skömmu áður höfðu Bandaríkjamenn gert loftárásir á svæðið.

Um fimmtán þúsund sjíta-Túrkménistar urðu innlyksa í bænum, sem er um 170 kílómetrum norður af höfuðborginni Bagdad, um miðjan júlí eftir að liðsmenn Íslamska ríkisins umkringdu hann.

- fb

Starfsáætlun þingsins kynnt: Fjárlög í byrjun desember

ALÞINGI Frumvarpi til fjárlaga 2015 verður dreift á Alþingi sama dag og þing verður sett þann níunda september. Samkvæmt starfsáætlun þingsins verður fyrsta umræða um frumvarpið 11. og 12. september.

Stefnt er að því að önnur umræða um fjárlagafrumvarpið verði 20. nóvember og atkvæðagreiðsla að lokinni annarri umræðu 24. nóvember. Þriðja umræða verður 3. desember og atkvæðagreiðsla að henni lokinni að morgni 4. desember.

- jme



FRÍÐARSVEITIR AFRÍKUSAMBANDSINS Undirbúa árás á eitt höfuðvigi al-Shabab í Shabelle-héraði í Sómalíu.
AFP/NORDICPHOTOS

Al-Shabab hefur lýst árásinni á hendur sér:

Tólf felldir í Sómalíu

SÓMALÍA Að minnsta kosti tólf eru látnir eftir að bílasprengja sprakk við höfuðstöðvar leyniþjónustunnar í Mógadisjú, höfuðborg Sómalíu í gær. Mikil skothríð upphófst í kjölfar sprengingarinnar. Talið er að herskáir íslamistar úr hryðjuverkahópnum Al-Shabab séu ábyrgir fyrir árásinni, en þeir eru jafnframt taldir hafa tengsl við Al-Qaeda samtökin.

Al-Shabab hafa þegar lýst árás-

inni á hendur sér, en í höfuðstöðvunum var einnig fangelsi sem meðlimir Al-Shabab sögðu hafa verið notað til þess að „pynda og niðurlægja saklausa múslima“.

Árásin er gerð einum degi eftir að herinn í Sómalíu og fríðarsveitir Afríkusambandsins gáfu yfirlýsingu þess efnis að þeir hefðu fellt eitt höfuðvigi Al-Shabab og þar með klippt á mikilvæga tekjulind fyrir hryðjuverkasamtökin.

- ósk



TILBOÐSDAGAR Í TENGI

20-25% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM*

1.-13. SEPTEMBER



ifö

GÆÐI, ÞJÓNUSTA OG ÁBYRGÐ - ÞAÐ ER TENGI

25% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM BAÐINNRETTINGUM



IFÖ SIGN
Baðinnrétting hvít og í eik
kynningarverð kr. **28.900,-**



ONDA
Handsturtuhaus
Verð áður: 2490,-
Tilboð kr. **1500,-**



SPRING
Sturtuhaus 20 cm
Verð áður: 9450,-
Tilboð kr. **6900,-**



INTRA UNIVERSO
Eldhúsvaskur eitt og hálf höf
Verð áður: 24.500,-
Tilboð kr. **17.900,-**



MORA CERA
Eldhúsböndunartæki
Verð áður: 27.500,-
Tilboð kr. **22.000,-**



KALDEWEI 312
Baðkar m/ fylgihlutum 170x70 cm
Verð áður: 52.812,-
Tilboð kr. **39.600,-**

*Nema heitum pottum og sérverðmerktum vörum

Opð virka daga frá 8-18 laugardaga frá 10-15 • www.tengi.is • tengi@tengi.is
Smiðjuvegi 76 • Kópavogi • Sími 414 1000 • Baldursnesi 6 • Akureyri • Sími 414 1050



GEFÐU ÞÉR GÓÐAN TÍMA Í KAUPMANNAHÖFN

Verð frá **19.800*** kr.

Þessi ferð gefur frá 1.500 til 4.500 Vildarpunkta aðra leiðina.





Njóttu hvegg mínútu

Það er óþarfi að gleypa í sig pylsuna á Ráðhuspladsen í tveimur bitum. Eða missa kandiflossið á hlaupum milli tækja í Tivoli. Það sem skiptir máli er að njóta tímans. Horfa upp frekar en niður. Villast í hliðargötum út frá Strikinu. Finna framandi lykt og smakka spennandi mat. Fara með lest á óþekktar slóðir. Eiga gæðastundir og safna minningum sem lífa.

* Innifalið: Flug aðra leiðina og flugvallarskattar.



+ Bókaðu núna á icelandair.is

    Vertu með okkur

ICELANDAIR 

Pingmaður sakar verslunina um óheilindi:

Dæmið er rangt, niðurstaðan rétt

Benda má á að ef kaupmenn skiluðu styrkingu krónu, þó ekki væri nema sem næmi fimm prósentum, myndi vísitala neysluverðs lækka um tvö prósentustig. Það hefði í för með sér um 34 milljarða lækkan á verðtrygðum lánnum heimilanna í landinu. Þannig skrifar þingmaðurinn Þorsteinn Sæmundsson í Fréttablaðið seint í síðustu viku.



Sigurjón Magnús Egilsson

sme@frettabladid.is

Margrét Kristmannsdóttir, sem er meðal bestu talsmanna verslunarinnar, sagði í útvarpsþættinum Sprengisandur á Bylgjunni í gær, að í reikningsdæmi Þorsteins vantaði býsni af staðreyndum og því bæri verslunin ekki allt það sem Þorsteinn ætlar henni í reikningsdæmi

sínu. Sem sagt, reikningsdæmi þingmannsins var ekki rétt, en hvað með útkomuna? Fyrst, hvað vantaði í reikning þingmannsins? Margrét nefndi erlendar verðhækkningar, launabreytingar og eitt og annað. Þorsteinn er ákveðinn í hvar ábyrgðin liggur og hann sagði í grein sinni að hann hefði leitað upplýsinga áður en hann settist við lykllaborðið og fengið þau svör að: „Ekki er gert ráð fyrir vöruverðslækkan ...“ „...því reynsla undanfarinna ára og jafnvel áratuga hefur kennt mönnum að gera ekki ráð fyrir lækkan vöruverðs þegar gengi krónunnar styrkist. Veiking krónunnar skilar sér hins vegar undantekningarlaust og örfljótt inn í vöruverð á Íslandi samkvæmt sömu reynslu.“

Þessari staðhæfingu neitar Margrét Kristmannsdóttir og segir reyndar að margir, og þar á meðal Þorsteinn Sæmundsson geri verslunina að blóraböggli, kenna henni um.

Niðurstaðan Þorsteins, úr kannski kolröngu reikningsdæmi, sýnir okkur hins vegar hversu galið kerfi við búum við. Það er staðreynd, sem alltof margir Íslendingar hafa reynt á eigin skinni, að minnstu sveiflur geta haft stórkostleg áhrif á afkomu okkar, eignastöðu og möguleika til svo margs.

Það er ekki hægt að búa við að verðhækkningar í útlöndum, kaupmenn sem kannski taka til sín allan ávinninginn af sterkri krónu, hamfarir hér eða þar í heiminum hafi þau margfeldisáhrif á allt þetta, og margt annað, að skuldir íslenskra heimila rjúki upp úr öllu valdi.

Þar sem Þorsteinn Sæmundsson hefur komist að hinni merku niðurstöðu, þó deilt sé um forsendurnar að henni, er best að treysta á að hann, sem þingmaður, leggi sitt af mörkum svo óparfi verði að vera með bollaleggingar svipaðar og hann gerði að umtalsefni í grein sinni.

Og þá þarf fleira en að afnema verðtrygginguna. Hún er afleiðing af óstöðugleika og vöndri hagstjórn. Hún er birtingarmynd. Og þeir sem hafa áhyggjur af því að verslunin geti með óvönduðum aðferðum valdið 34 milljarða skuldahækkun fjölskyldna í landinu, verða að bregðast við. Og þegar saman fer að viðkomandi situr á Alþingi og hefur þessar áhyggjur, er tími ákvarðana runninn upp. Háir breytilegir vextir eru lítt skárri. Kannski er niðurstaða alls þessa sú sama, enn og aftur; betri hagstjórn, og það núna.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Práinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson sme@frettabladid.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Göngum til Góðs
Landssöfnun
6. september

Skráning og nánari upplýsingar á raudikrossinn.is.

Rauði krossinn
Af mannið í 90 ár

FRÁ DEGI TIL DAGS

Vilja að hún viki

Það virðist vera farið að fjara undan Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, innanríkisráðherra innan hennar eigin flokks. Merkilegasta fréttin í skoðanakönnun Fréttablaðsins sem birtist á föstudag var að 45 prósent af hennar eigin flokksystkinum vilja að hún segi af sér vegna lekamálsins. Þrátt fyrir þetta var Hanna Birna nokkuð keik þegar blaðið falaðist eftir viðbrögðum hennar við könnuninni og sagði það ekkert nýtt að andstæðingar ríkisstjórnarinnar og Sjálfstæðisflokksins telji að hún eigi að gera eitthvað annað en vera í pólitík. Hanna Birna minnstist hins vegar ekkert á alla sjálfstæðismennina sem vilja að hún viki.



Beint og milliliðalaust

Stefán Eiríksson lét formlega af störfum sem lögreglustjóri í gær. Í dag er fyrsti dagur hans í starfi sem sviðsstjóra velferðarsviðs Reykjavíkurborgar. Stefán hefur verið í lögreglunni í Reykjavík frá árinu 2007. Síðustu daga hefur hann verið mikið í umræðunni vegna lekamálsins svokallaða. Sjálfsgagt bíða margir spenntir eftir því að hvort hann greini beint og milliliðalaust frá sinni hlið í fjölmiðlum. En eins og komið hefur fram í fréttum ber innanríkisráðherra og lögreglustjóranum fyrirverandi ekki saman um hvernig þeirra samskiptum var háttað á meðan rannsókn lekamálsins stóð yfir í innanríkisráðuneytinu.



Rangur tími

Sjálfstæðismenn í borgarstjórn Reykjavíkur telja ekki réttan tíma fyrir borgina að selja húseignirnar við Laugaveg 4 og 6. Þeir vilja bíða og sjá til hvort að fasteignaverð hækkar ekki í miðborginni á næstunni. Borgin eignaðist þessar fasteignir í tengslum við samstarfsyfirlýsingu Ólafs F. Magnússonar og Sjálfstæðisflokksins árið 2008 og greiddi tæpar 600 milljónir fyrir. Verðið þótti allt of hátt og ljóst að erfitt yrði að ná þeim peningum til baka eins og nú virðist vera að koma á daginn. Framsóknarmenn telja að tapið af sölu eignanna verði tæpar 340 milljónir króna og leggast af þeim sökum gegn sölnunni nú líft og sjálfstæðismenn.

johnanna@frettabladid.is

HALLDÓR



Kaldar kveðjur til opinberra starfsmanna

SAMFÉLAG



Elín Björg Jónsdóttir formaður BSRB

Neikvæð viðhorf í garð starfsmanna hins opinbera að undanfögnu vekja óneitanlega nokkrar vangaveltur um í hvaða átt samfélag okkar stefnir. Fram til þessa hefur almenn samstaða ríkt um hvert grunnhlutverk ríkisins á að vera. Það er að veita öllum heilbrigðisþjónustu og umönnun sem á þurfa að halda, tryggja öryggi og veita menntun óháð efnahag og búsetu. Þetta er sú samfélagsgerð sem þróuð hefur verið á Norðurlöndunum og fyrir vikið eru lífs-skilyrði hvergi betri í heiminum. Ýmislegt bendir til að samstaða um hvert hlutverk ríkisins eigi að vera sé ekki lengur til staðar. Reglulega hefur gróflega verið vegið að starfsheildri starfsmanna ríkis og sveitarfélaga – fólks sem einmitt sinnir þeim störfum sem við byggjum samfélagsgerð okkar á. Opinberlega er talað um að leita verði leiða til að minnka réttindi þessa fólks, gefið er í skyn að það sinni ekki störfum sínum sem skyldi og því þurfi að fækka enn frekar.

Yfirgnæfandi meirihluti opinberra starfsmanna sinnir grunnstöðum samfélagsins. Sem dæmi þá manna opinberir starfsmenn lögreglu og slökkvilið, allar heilbrigðisstofnanir landsins, mennta-

→ Við megum ekki fjarlægjast hugsjónina um jöfnuð.

stofnanir frá leikskóla og upp í háskóla og sinna allri þeirri þjónustu sem velferðarkerfið veitir. Um 70% starfsmanna hins opinbera eru konur og störf fólksins í almannathjónustunni er sá grunnur sem við byggjum samfélagsgerð okkar á. Það er hagar heildarinnar að halda úti slíku öryggisneti og það eykur lífsgæði okkar sem þjóðar.

Niðurrif á störfum opinberra starfsmanna er þess vegna í raun niðurrif á okkar samfélagsgerð sem fram til þessa hefur byggst upp á jöfnum rétti allra til menntunar, heilbrigðisþjónustu og mannlegrar reisnar. Við megum ekki fjarlægjast hugsjónina um jöfnuð og hverfa til frekari einstaklingshyggju því félagsleg samheldni skilar samfélaginu mun meiru.

Það er óumdeilt að öflugt velferðarkerfi er grunnur góðra lífsskilyrða okkar og hjarta velferðarkerfisins er fólkið sem innan þess starfar. Þess vegna á starfsfólk hins opinbera betra skilið frá æðstu yfirmönnum sínum en þær köldu kveðjur sem því hafa borist að undanfögnu.

Lestrarvild

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur



Sigurður G. Guðjónsson lögfræðingur og Elliði Vignisson bæjarstjóri í Eyjum halda því fram að Guðmundur Kristjánsson útgerðarmaður kenndur við Brim hafi látið Reyni Traustason hafa fé í rekstur DV gegn því að blaðið myndi draga taum hans í deilum um Vinnslustöðina í Vestmannaeyjum. Reynir viðurkennir lánveitinguna en segir að umfjöllun blaðamanna um málefni Vinnslustöðvarinnar hafi verið skrifuð út frá sömu sjónarmiðum og önnur umfjöllun blaðsins og Guðmundur hafi ekki reynt að hafa áhrif á skrif blaðsins.

Þetta rýrir orðspor DV. Svona fyrirgreiðsla hefði átt að koma fram opinberlega og hún er til þess fallin að vekja efasemdir um blaðið.

Pagnarritun

En hvernig svo sem málið er vaxið breytir það engu um framgöngu Sigurðar G. Guðjónssonar. Hann er lögmaður ýmissa manna sem hafa verið til rannsóknar hjá Sérstökum saksóknara vegna viðskiptahátta sinna. Ef ekki hefði verið fyrir DV og þrákelkni blaðsins myndi almenningur lítið vita um margháttuð bókhaldsævintýri þessara manna – að ógleymdu lekamálinu. Sigurður G. er beinlínis að

reyna að nota afl peninganna til þess að þagga niður í þessu blaði. Afskipti hans af DV eru ekki til komin vegna áhuga á fjölmiðlum heldur er þetta hluti af verjendastörfum hans.

Fyrir nokkrum árum hafði Björgólfur Thor Björgólfsson uppi orð um að kaupa DV til þess að leggja það niður vegna þess að honum sárnuðu skrif blaðsins um fólk honum nákomu. Þetta þótti fjarstæðukennt og vakti almenna hneykslun og kannski var honum ekki full alvara – að minnsta kosti varð ekkert úr þessum áformum. Nú fara þeir Björn Leifsson og Sigurður G. Guðjónsson hins vegar fram í fullri alvöru og fyrir opnum tjöldum með sams konar ráðagerðir. Þeir hyggjast kaupa blaðið til þess að þagga niður í því. Þeir ætla ekki að gefa út blað. Þeir ætla að gefa út þögn. Þeir vilja pagnarritara.

Eiga fjölmiðlamenn að stjórna því sem í fjölmiðlum birtist frekar en fólkíð sem greiðir þeim laun, eigendurnir? Já, reyndar. Manneskja sem notar auð sinn til þess að gera vönduðum fjölmiðli kleift að starfa fær lítið út úr því annað en sómann. Það er að vísu allnokkuð og jafnvel eftirsóknarvert – og raunar vandséð hvað er eftirsóknarverðara í lífinu en að hafa sóma af verkum sínum. Það þekkja þeir af biturri reynslu sem tóku þátt í viðskiptafléttunum á bóluárunum, að auður og afl skiptir engu máli sé orðstírninn enginn.

„Ráðgjafi lýðsins“

Skipti eigandi sér af fjölmiðli

bitnar það undireins á trúverðugleika fjölmiðilsins. Trúverðugleiki er verðmætasta eign fjölmiðils: eða kannski má rifja upp orð sem vinsælt var fyrir nokkrum árum: þetta er eins og viðskiptavild – þetta er með öðrum orðum lestrarvild. Lesendur þurfa að trú á því að blaðið segi satt og vilji segja þeim satt og ekki bara það: heldur hafi heill þeirra að leiðarljósi, vilji starfa í þágu almannahags; blaðamaðurinn hefur þar af leiðandi þá skyldu að bera sannleikanum vitni, segja frá því sem almenningur þarf að vita um. Frjálsir og óháðir, upplýsandi og vandadír fjölmiðlar eru ein helsta grunnstoð þess að hér fái þrífist opið lýðræðissamfélag. Það hlýtur að vera nokkurs vert að eiga þátt í að stuðla að slíku.

Jón Ólafsson ritstjóri, fyrsti nútímablaðamaður Íslendinga, sagði í grein í blaði sínu Baldri árið 1870 að blaðamaðurinn eigi að vera „ráðgjafi lýðsins“: „Köllun blaðamannsins er [...] háleit og fögur, og menn gætu sagt, eitt hið háleitasta og fegursta, sem nokkur maður getur tekið sjer fyrir hendur að starfa að. En því æðri, fegurri, helgari og háleitari, sem sú köllun er, því meiri vandi og ábyrgðarhluti er henni samfara.“

Allt er þetta í fullu gildi enn. Þetta gildir um Morgunblaðið og þetta gildir um DV og þetta gildir um Fréttablaðið. Hagsmunir eigenda þess felast í lestrarvild; að gera áhugavert blað, sem í senn er fræðandi og ánægjulegur félagsskapur. Fá lesendur á tilfinninguna að blaðið hlífi því

“Hvers vegna að eiga blað ef maður má svo ekkert beita sér? Vegna þess að um leið og maður beitir sér verður eignin ónýtt.“

fólki sem á fyrirtækið bitnar það um leið á lestrarvildinni. Líka hitt ef fólk fær á tilfinninguna að blaðamenn og ritstjórar búi við einhvers konar annarlegt eftirlit. Eigendur blaðsins koma víða við í umsvifum og þurfa að una því að blaðamenn og fréttamenn vinni sína vinnu með sannleikann að leiðarljósi.

Hvers vegna að eiga blað ef maður má svo ekkert beita sér? Vegna þess að um leið og maður beitir sér verður eignin ónýtt.

Og láti maður alvöru blaðamönnum það eftir að búa til blaðið stuðlar maður að heilbrigðara og betra samfélagi, sem á að vera það afl sem knýr athafnafólk áfram. Og þá hefur maður af því sóma. Það eru til verri fjárfestingar en það.

AF NETINU

Upp úr hjólförnum



Við erum sannarlega á leið upp úr hjólförnum. Það sjáum við ekki hvað síst í atvinnumálunum. Á síðasta ári fjölgaði fólk í störfum á vinnu-

markaðnum verulega, eða um 6.000 samanborðið við árið 2012. Í ár höfum við séð sömu þróun. Á fyrsta ársfjórðungi 2014 voru að jafnaði um 3.500 fleiri starfandi en á sama fjórðungi 2013. OECD er bjartsýnt fyrir okkar hönd og spár 4,2% atvinnuleysi á næsta ári, þremur prósentum minna en almennt gerist í OECD ríkjunum. Það er vel skiljanlegt þegar horft er til þess að í maí 2014 voru aðeins Japan, Kórea og Austurríki með minna atvinnuleysi en við samkvæmt OECD. Við, Mexíkó og Pýskaland vorum svo saman með 4. minnsta atvinnuleysið af OECD ríkjunum. Góðar fréttir úr atvinnulífinu gefa svo ástæðu til enn frekari bjartsýni.

Blog.pressan.is/eyglohardar/

Eygló Harðardóttir

Vissir þú að...



Barnaheill
Save the Children á Íslandi

börn eiga rétt á vernd gegn klámi.

Beltone **First**[™]

Snjallara heyrnartæki

Nýja Beltone **First**[™] heyrnartækið tengist þráðlaust beint í iPhone, iPad og iPod touch. Komdu og prófaðu, það er engu líkt!

Kringlunni • Sími 568 7777 • heyrnarstodin.is

HEYRNARSTÖÐIN

Framleitt fyrir iPod iPhone iPad

Beltone First gengur með iPhone 5s, iPhone 5c, iPhone 5, iPad Air, iPad (4. kynslóð), iPad mini með Retina, iPad mini og iPod touch (5. kynslóð) með iOS eða nýrra stýrikerfi. Apple, iPhone, iPad og iPod touch eru vörumerki sem tilheyrja Apple Inc, skráð í Bandaríkjunum og öðrum löndum.

Breyting á verðskrá eMax.

Þann 1. október næstkomandi tekur í gildi ný og bætt verðskrá eMax. Jafnframt verður tekið upp nýtt nafn og verður eMax þekkt hér eftir sem 365 Lofthraði. Sjá nánar á www.lofthradi.is.


Það er einlæg von okkar að þessar breytingar leiði til þess að viðskiptavinir eMax fái úrvalsþjónustu og ljóst er að vöru- og þjónustuframboð verður mun betra en áður.

Starfsfólk eMax / 365 Lofthraða

eMax

365 Lofthraði


NÝ STÖÐ TIL AÐ VERA Í STUÐI MEÐ!




FMX

KLASSÍK FM 103,9

VIÐ SPILUM ÞAÐ SEM OKKUR SÝNIST
TÓNLIST FRÁ 1990 TIL DAGSINS Í DAG



SIÓNVARP



FMX.IS



ÚTVAPPID



ÚTVARPIÐ

Heldur EES-samningurinn velli?

Íslenskir stjórnálmenn keppast við að hæla EES-samningnum, þ.e. samningnum um Evrópska efnahags-svæðið. Meira að segja þeir stjórnálmenn, sem eru andvígir aðild Íslands að ESB, segja að EES dugi okkur og að Ísland þurfi ekki nánara samband við Evrópu. Stjórnarflokkarnir virðast ánægðir með EES enda þótt þeir berjast hatramlega gegn Evrópusambandinu, sem er meginstoð EES og heldur því uppi. Þetta hefur þó ekki alltaf verið á þennan hátt, þar eð Framsókn var andvíg EES, þegar Ísland gerðist þar aðili. Enginn þingmaður Framsóknar greiddi atkvæði með aðild að EES. Halldór Ásgrímsson sat hjá. Það var Alþýðuflokkurinn undir forustu Jóns Baldvins Hannibalssonar, sem hafði forustu fyrir því, að Ísland gerðist aðili að EES og fékk Sjálfstæðisflokkinn til þess að fallast á það, þegar samstjórn Jóns Baldvins og Davíðs (Viðeyjarstjórnin) sat við völd. Áður hafði Sjálfstæðisflokkurinn verið andvígur aðild að EES.

Fengum frelsin fjögur

EES, Evrópska efnahags-svæðið, er fríverslunarsamningur milli EFTA og ESB en það er mikið meira: Það er samningur um frelsin fjögur: Frjálst vörufleði, frjálsa fjármagnsflutninga, frjálsa vinnuafslutninga og frjálsa þjónustuflytninga. EES-samningurinn tryggir okkur aðgang að innri markaði Evrópusambandsins eins og við værum í ESB. Við höfum rétt til að stofna fyrirtæki hvar sem

EVROPUMÁL



Björgvin Guðmundsson
viðskiptafræðingur

er á svæði ESB, frjálsan rétt til atvinnurekstrar. Það er gagnkvæmur réttur. Við njótum tollfrelsis fyrir okkar iðnaðarvörur og nær allar okkar sjávarafurðir á öllum markaði ESB. En við þurfum ekki að sæta ytri tolli ESB, þar eð við erum ekki í tollabandalagi ESB heldur aðeins í fríverslunarbandalagi við það.

En við verðum að taka yfir allar tilskipanir og reglur ESB án þess að hafa verið með í að semja þær. Þessar tilskipanir og reglur renna fyrirstöðulaust gegnum Alþingi. Menn hafa velt því fyrir sér hvers vegna EFTA-ríkin og þar á meðal Ísland samþykktu að taka yfir allar tilskipanir og reglur ESB án aðkomu að samþykkt þeirra. Það er aðeins ein skýring þar á: Þetta var hugsað sem bráðabirgða-fyrirkomulag, sem gilda átti í skamman tíma þar til EFTA-ríkin gerðust aðilar að ESB. Þetta fyrirkomulag var ekki hugsað til frambúðar.

Brot á stjórnarskrá?

Þegar Ísland gerðist aðili að EES, urðu miklar deilur hér á landi um það hvort það stæðist stjórnarskrá, að Ísland samþykkti yfirþjóðlegt vald eins og ESB og tæki fyrirstöðulaust við tilskipunum þaðan. Vissulega orkar það tvímælis. Ísland hefur m.ö.o. þegar afsalað sér ákveðnu fullveldi með aðild að EES og það breytist lítið sem ekkert við aðild að ESB. Sumir telja jafnvel, að það auki fullveldi okkar að ganga í ESB og verða með í ákvarðanatöku þar í stað þess að taka við tilskip-

→ Ísland hefur m.ö.o. þegar afsalað sér ákveðnu fullveldi með aðild að EES og það breytist lítið sem ekkert við aðild að ESB.

unum þaðan án aðkomu. Það er þess vegna undarlegt að þeir sem segjast standa vörð um fullveldi Ísland skuli lofa og prisa EES en gagnrýna ESB harðlega og segja að ef Ísland gangi í ESB skerðist fullveldi landsins. (Það er búið að skerðast.)

EES-samningurinn í hættu

Þess hefur orðið vart að ESB hefur minni áhuga á EES-samningnum en áður. Það er þess vegna ekki öruggt að samningurinn haldi til lengdar. EFTA-stoðin undir samningnum er einnig mjög veik. Í EFTA eru aðeins þrjú lönd á móti 28 ríkjum ESB. Í EFTA eru Ísland, Noregur og Liechtenstein. Sviss, sem er í EFTA, felldi aðild að EES. Noregur er langríkast af EFTA-ríkjunum og greiðir mest til EES-samningsins. Ef Noregur gengur í ESB fellur EES. Það getur ekki staðið án Noregs. Áhugi ESB á EES hefur ekki aukist við hatrammar árásir núverandi ríkisstjórnar á ESB. Áhugi ESB á EES var lítil áður og hann minnkar enn. Ég óttast að ESB falli frá samningnum um EES innan ekki langs tíma. Það yrði mikið áfall fyrir Ísland.

Hafa stjórnvöld áhuga á að sinna lýðheilsu?

Með myndun ríkisstjórnar Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks hefst ný sókn í þágu lands og þjóðar.

Þannig hljóðar stefnyfirlýsing ríkisstjórnarinnar frá vormánuðum 2013. Einnig segir þar að stefnt skuli að bættri lýðheilsu og forvarnastarf skuli verða meðal forgangsverkefna ríkisstjórnarinnar. En hver er reyndin?

Á hverju ári verða 250-300 einstaklingar fyrir því að slíta krossbönd í hnjám. Kostnaður vegna þessara áverka er mikill bæði fyrir samfélagið og einstaklingana sem verða fyrir þessum meiðslum. Ef við skoðum kostnaðinn í kjölfar áverkans er hann í formi læknaðnaðar, bólgueyðandi lyfja, kostnaðar vegna aðgerðar, endurhæfingar og sjúkradagpeninga. Ef við áætluðum að meðalkostnaður á hvern áverka sé ein milljón króna lætur nærri að hér sé um að ræða upphæð á bilinu 250-300 milljónir á fyrsta ári og síðan viðbótarkostnað til að viðhalda lífsgæðum þeirra sem verða fyrir þessum meiðslum.

En hver er kostnaðurinn í framtíðinni? Samkvæmt rannsóknnum hefur komið í ljós að þegar einstaklingar, sérstaklega ungar konur, verða fyrir krossbandaáverka á hné veldur það ótímabæru sliti á hnélið og getur síðar orsakað slitigt í hné sem getur leitt til örorku, takmarkaðra lífsgæða, gerviliðaáðgerða í hné og fleira.

Margar af fremstu íþróttakonum Noregs hafa undanfarin ár hætt íþróttaiðkun vegna þess að þær geta ekki lengur stund-

HEILBRIGÐIS-MÁL



Gauti Grétarsson
sjúkráþjálfari

að íþróttir og eiga erfitt með að leika við börnin sín vegna verkja í hnjám. Fremsta skíðakona landsins tilkynnti í vor að hún væri hætt æfingum og keppni á skíðum vegna þess að hún sleit krossband öðru sinni.

Óþægindi og brostnar vonir

Erfitt er að meta þennan kostnað enda eru það komandi kynslóðir og þeir sem hafa orðið fyrir áverkanum sem koma til með að bera hann. En óþægindin, takmörkun lífsgæða, brostnar vonir og kostnaður sem einstaklingar verða fyrir vegna áverka á hnjám er eitthvað sem erfitt er að meta til fjár.

Með betri þjálfun, fræðslu, áróðri og skoðun á veikleikum íþróttafólks og almennings má koma í veg fyrir að mikinn fjöldi þessara áverka. Á sama hátt og tekist hefur að fækka alvarlegum bílslysum og dauðslysum verulega á undanföllum árum má einnig fækka áverkum í hnjám.

Stoðkerfi líkamans er flókið kerfi beina, vöðva, liða og bandvefs sem mikilvægt er að starfi rétt. Helstu sérfræðingar í stoðkerfinu eru sjúkráþjálfarar og kiropraktorar sem hingað til hafa mest verið í viðgerðum á þeim áverkum sem einstaklingar verða fyrir. En þekking þeirra myndi nýtast betur ef hún væri notuð til að finna veikleikana áður en þeir hafa orsakað alvarlega áverka og slit á líkamannum.

Hvaða leiðir eru færar?

Hægt er að fara margar leiðir í því að fyrirbyggja áverka á

→ Ef stjórnvöld hafa virkilega áhuga á því að sinna lýðheilsu og forvörnum væri ein leið að verja fjármunum í athuganir á einstaklingum og íþróttahópum og spara þannig umtalsverða fjármuni sem notaðir eru nú þegar skaðinn er skeður.

hnjám. Ein þeirra er að skoða einstaklinga og hópa með tilliti til veikleika í stoðkerfinu og leiðbeina þeim síðan um aðferðir til að koma í veg fyrir áverka. Til eru mörg greiningartæki sem mæla vöðvakraft í hnjám og mjóðumum og gefa þannig vísbendingu um stöðu mála. Meðal þessara tækja er Kine-vöðvamælingartæki sem hannað var af íslensku sprotafyrirtæki. Tæki þetta sýnir fram á það hvaða vöðvar eru virkir og hvaða vöðvar eru ekki að nýttast sem skyldi. Þetta tæki er nú þegar notað af sjúkráþjálfurum hér á landi og í mörgum Evrópulöndum. Enn fremur er það notað í rannsóknnum við Háskóla Íslands og Háskóla Reykjavíkur svo og hjá ýmsum íþróttafélögum eins og Chelsea.

Ef stjórnvöld hafa virkilega áhuga á því að sinna lýðheilsu og forvörnum væri ein leið að verja fjármunum í athuganir á einstaklingum og íþróttahópum og spara þannig umtalsverða fjármuni sem notaðir eru nú þegar skaðinn er skeður. Fyrir kostnað vegna eins krossbandaslits má skoða leikmenn allt að tíu handboltaliða og koma í veg fyrir ekki aðeins áverka á hnjám heldur einnig öðrum líkamspörtum.

Lumie vekjaraklukkur

Þín eigin sólarupprás.

Dagljósinn vekja þig hægt og rólega með ljósi og minnka um leið magn svefnhormóna (melatónín) og auka framleiðslu hormóna (cortisol) sem hvetja líkamann til að vakna.
– Vaknið endurnærð



Dagljós Starter

Einföld vekjaraklukka.

Verð 17.750 kr.



nýtt

Dagljós Go

Hægt að sofna og vakna við náttúruhljóð.

Verð 21.750 kr.



Dagljós Active útvarp

Hægt að sofna og vakna við útvarp eða náttúruhljóð.

Verð 29.750 kr.



nýtt

Dagljós Zest

Sérstakar dagljósadióður sem hægt er nota sem vekjaraklukka eða meðferðarljós.

Létt og meðfærilegt – Taktu með hvert sem er.

Verð 39.750 kr.



Lumie :)

dagljósinn



Skrifstofulampi með dagljósi

Flottur og stílhreinn lampi með sérstökum dagljósadióðum. Hentar einnig sem meðferðarljós. 10.000 lux í 22 cm fjarlægð.

Verð 29.750 kr.



Dagljós Arabica

Öflugt alhliða sólarljós sem lýsir upp herbergið. Meðferðarljós sem virkar vel gegn skammdegispunglyndi. 10.000 lux í 25 cm fjarlægð

Verð 29.750 kr.

Bæta líðan og auka afköst

Dagljósinn frá Lumie eru sérstaklega hönnuð til að líkja eftir sólarljósi. Rannsóknir hafa sýnt fram á að dagljósameðferð í 30-90 mín. á dag virki vel gegn skammdegispunglyndi. Meðal einkenna er depurð, sinnuleysi, orkuleysi, aukin svefnþörf og aukin matarlyst.



MERKISATBURÐIR

1689 Pétur mikli Rússlandskeisari lagði skatt á skeggvöxt karlanna.

1715 Lúðvík 14. konungur Frakklands dó eftir 72 ára valdatíð.

1923 Stór jarðskjálfti skók Japan og lagði borgirnar Yokohama og Tókýó í rúst. Skjálftinn var 7,2 á Richter-kvarða og fórust um 140 þúsund manns.



1939 Seinni heimsstyrjöldin hófst. Þjóðverjar gerðu loftárásir á Pólland.

1941 Gyðingar í Berlín voru skikk-aðir til að ganga með Davíðsstjörnu.

1972 Einvígi aldarinnar var haldið í Laugardalshöll. Robert Fischer varð heimsmeistari í skák.

1985 Skipsflak Titanic fannst á botni Norður-Atlantshafsins, 500 kílómetra suðaustur af Nýfundlandi.

1988 Flugvöllurinn í Kabúl stórskemmtist í eldfloagaárás afganskra skæru-liða.

1991 Úsbekistan lýsti yfir sjálfstæði frá Sovétríkjunum.

1997 Forseti Íslands og forsætisráðherra sendu leiðtogum Bretlands samúðarskeyti vegna fráfalls Díönu prinsessu.

2004 Safnahús Þjóðminjasafns Íslands við Suðurgötu var opnað að nýju eftir að hafa verið lokað í nokkur ár.

PETTA GERÐIST: 1. SEPTEMBER ÁRIÐ 1930

Pögnin rofin í kvikmyndahúsum Reykjavíkur

Kvikmyndahús í Reykjavík hófu í fyrsta skipti almennar sýningar á talmyndum 1. september 1930. Sýndar voru bandarískar dans- og söngvamyndir með tali og tónum. Gamla bíó auglýsti sýningar á kvikmyndinni Hollywood revýan í dagblöðum en þar sagði: „Talmynd, söngur, dans og hljóðfærasláttur. Skrautlegasta „revýu“-kvikmynd, sem gerð hefir verið með þáttöku 25 bestu leikara Metro Goldwyn-fjelagsins ásamt 200 dansmeyjum og 100 manna

hljómsveit.“ Panta þurfti aðgöngumiða. Reykvískir bíógestir fögnuðu þessari nýbreytni og fylltu kvikmyndahúsin dag eftir dag. Kvikmyndir, eða lifandi myndir, voru sýndar í fyrsta skipti á Íslandi sumarið 1903 fyrir tilstilli tveggja útlendinga, D. Fernander og R. Hallseth. Bíósýningar voru næstu ár vinsæl afþreying víða um landið. Reykjavík Bio-graftheater var opnað 1906 en eftir að Nýja bíó var stofnað í Reykjavík 1912 var það iðulega kallað Gamla bíó.



GAMLA BÍÓ
Kvikmyndahúsið sýndi dans- og söngvamyndina Hollywood revýan 1. september 1930.



STYRKHAFARNIR Baldvin Ingvar Tryggvason og Jónína Björt Gunnarsdóttir með Fríðu Björk Ingvarsdóttur, rektor Listaháskóla Íslands.



Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa

**PÉTURS ANDRÉSAR
BALDURSSONAR**

Strikinu 8, Garðabæ, áður til heimilis Skagabraut 4, Akranesi.



Sérstakar þakkir færum við starfsfólki hjúkrunarheimilanna Vífilsstaða og Ísafoldar ásamt heimahjúkrun Garðabæjar fyrir einstaka aðstoð og umönnun.

Anna Helgadóttir

Baldur Pétursson
Helgi Pétursson
Pétur Pétursson
Inga Pétursdóttir
Guðlaug Pétursdóttir

Linda Hrönn Sigvaldadóttir

Þorgeir Kristófersson
Guðni Gunnarsson
og fjölskyldur.



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afa, og langafi,

SIGURÐUR EMIL MARINÓSSON,
fyrirverandi framkvæmdastjóri
Sælgætisgerðarinnar Mónu,
Boðarþingi 5, Kópavogi,



lést á hjúkrunarheimili Hrafnistu í Boðarþingi, Kópavogi, föstudaginn 15. ágúst. Útför hans fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík fimmtudaginn 4. september kl. 13.00.

Ágústa Kristín Sigurjónsdóttir
Jakobína Edda Sigurðardóttir
Gunnar Sigurðsson
Emilía Sigurðardóttir
Ágúst Sigurður Sigurðsson
Hjalte Sigurðarson
Sigurjón Atli Sigurðsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Gunnar Eiríksson
Hólmfríður Þorvaldsdóttir
Aðalheiður Ólafsdóttir
Hrönn Hrafnisdóttir
Jóney Hrönn Gylfadóttir

Fengu styrk úr sjóði Halldórs Hansen

Baldvin Ingvar Tryggvason klarínnettuleikari og Jónína Björt Gunnarsdóttir söngkona hefja bæði nám erlendis um miðjan september og segja styrkina koma sér vel enda upphald í London og New York dýrt svo ekki sé talað um skólagjöldin.

Úthlutað var úr styrktarsjóði Halldórs Hansen við hátíðlega athöfn í Sölvhóli, tónlistarsal Listaháskóla Íslands, fimmtudaginn 28. ágúst. Þetta er í tíunda skipti sem veitt eru verðlaun úr sjóðnum en sjóðurinn var formlega stofnaður árið 2004 eftir að barnalæknirinn, Halldór Hansen, ánafnaði Listaháskóla Íslands veglegt tónlistarsafn sitt og arfleiddi skólann að öllum eignum sínum þegar hann lést árið 2003. Meginmarkmið sjóðsins er að styrkja uppbyggingu og styðja við tónlistarsafn skólans. Auk þess veitir sjóðurinn árlega styrki til tónlistarnema sem hafa, að mati sjóðstjórnar, náð framúrskarandi árangri á sínu sviði. Stjórn sjóðsins skipa Fríða Björk Ingvarsdóttir, rektor Listaháskóla Íslands, Árni Tómas Ragnarsson, læknir, Mist Þorkeldsdóttir, fyrirverandi deildarforseti tónlistardeildar Listaháskólans og Árni Heimir Ingólfsson, tónlistarfræðingur. Í hátíðarávarpi Fríðu Bjarkar Ingvarsdóttur fjallaði hún um velgjörðarmann sjóðsins, Halldór, sem

hún kallaði bæði mikinn mannvin og hugsjónamann sem vildi með sjóðnum „efla hag tónlistar á Íslandi og koma íslenskum tónlistarmönnum í tengsl við alþjóðlega strauka.“

Að þessu sinni fengu tveir ungir tónlistarmenn úthlutað 600 þúsund krónum. Þau Baldvin Ingvar Tryggvason klarínnettuleikari og Jónína Björt Gunnarsdóttir söngkona en þau útskrifuðust bæði með B.Mus-gráðu frá tónlistardeild Listaháskóla Íslands síðastliðið vor.

Baldvin Ingvar hefur æft klarínnettuleik frá því að hann var sjö ára gamall, fyrst við Tónlistarskóla Álftaness en síðar við Tónlistarskólann í Reykjavík. Baldvin hefur meðal annars leikið með Sinfóníuhljómsveit unga fólksins, Sinfóníuhljómsveit Norðurlands og Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands, en þar hefur hann gegnt stöðu leiðara þrisvar sinnum. Baldvin segir styrkinn koma sér mjög vel en hann er að hefja nám við Royal College of Music í London. „Þetta fer allt beint í skólagjöldin,“

sagði Baldvin þakklátur og spenntur en hann flytur til London um miðjan september. Þar mun hann njóta leiðsagnar klarínnettuleikarans Barnaby Robson, sem heimsótti LHÍ á síðasta skólaári. Barnaby, sem er tónskáld og klarínnettuleikari, hefur komið að gerð tónverka við margar vinsælar sjónvarpsseriur og kvikmyndir.

Jónína sem flytur til New York í september segir styrkinn koma sér vel því mikill kostnaður fylgi því að flytja á milli landa og hefja nám en hún hefur nám við söngleikja- og kvikmyndadeild New York Film Academy núna í haust. Jónína er fædd á Akureyri árið 1990 en hún hóf ung nám í fyrst píanó- og síðar fíðluleik. Sautján ára gömul færði hún sig yfir í söngnám en hún lauk framhaldsprófi í klassískum söng árið 2011. Jónína hefur komið fram víða, bæði sem einsöngvari og með kórum. Hún söng meðal annars og dansaði í uppsetningu Leikfélags Akureyrar á Rocky Horror árið 2010.

Nýtt á heimsvísu

VARANLEGT LETUR

Eingöngu hjá Graníthöllinni

Eitt mesta úrval landsins af fallegum legsteinum og fylgihlutum hjá Graníthöllinni

Graníthöllin
Legsteinar

www.granithollin.is

Bæjarhrauni 26 Hafnarfirði 555-3888

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



HÖNNUNARHJÓL OG HJÁLMAR

Franski hönnuðurinn Philippe Starck kynnti til leiks fjögur fallega hönnuð rafmagnshjól og annan viðbótarbúnað á borð við hjálma og hanska, á Eurobike-viðburðinum í Þýskalandi á dögnum. Starck á fyrirtæki sem heitir Starckbike.



Sjálfvirkur hurðaropnunarbúnaður

fyrir húsfélög og fyrirtæki, ásamt uppsetningu og viðhaldi Hentar vel fyrir aðgengi hreyfihamlaðra.

JARNGLER

Skútuvogur 1H | 104 Reykjavík | S: 5858900 | www.jarngler.is



FATAVIÐGERÐIR OG FATABREYTINGAR

TVINNAKEFLIÐ KYNNIR Jakobína Kristjánsdóttir kjólaklæðskeri flutti saumaverkstæði sitt nýlega eftir 14 ár í vesturbæ Hafnarfjarðar á Hvaleyrarholtið, að Melabraut 29 í Hafnarfirði. Tvinnakeflið ehf. annast alhliða fataviðgerðir og fatabreytingar fyrir einstaklinga og fyrirtæki

Ég hef gaman af vinnunni minni, verkefni eru fjölbreytt og mörg og enn hef ég ekki fengið leiðinlegt verkefni, í þessi 14 ár,“ segir Jakobína Kristjánsdóttir kjólaklæðskeri en hún flutti saumaverkstæði sitt, Tvinnakeflið, að Melabraut 29 í Hafnarfirði.

Jakobína hefur stóran hóp tryggra viðskiptavina, sem koma allt frá Suðurnesjum til Reykjavíkur.

„Aðallega er ég að stytta, síkka, þrengja og víkka fatnað eins og buxur, jakka, pils, kjóla og yfirhafnir og skipta um rennilása í alls konar fatnaði. Í mörg ár hefur einnig verið mikið um að fólk komi með nýprjónaðar lopapeysur sem ég set rennilása í. Öðru hvoru koma svo inn öðru vísi verkefni sem geta verið skemmtileg áskorun.“

En borgar sig alltaf að láta gera við flík?

„Mér finnst gott að láta fólk vita hvað viðgerðin muni kosta svo það geti ákveðið hvað það vill gera. Sér-



JAKOBÍNA KRISTJÁNSDÓTTIR

staklega ef það er með flík sem hefur ekki kostað mikið upphaflega. Annars þykir fólki oft vænt um einstaka flíkur og margir koma aftur og aftur með sömu uppáhaldsgallabuxurnar sínar og láta gera við

hvert nýtt gat sem myndast og þá er þetta ekki spurning um hvað borgar sig,“ segir Jakobína.

„Haustið er líflægur tími hjá mér í Tvinnakeflinu. Fólk er að fara yfir hvað þarf að láta gera fyrir skólafötin og vetrarflíkur og það er greinilegt að fólk kann enn að nýta fötin sín, sem er vel.“

Afgreiðslutími Tvinnakeflisins er frá klukkan 12-17 virka daga. Lokað er á mánuðögum.

Nánari upplýsingar fást í síma 8474684 og á Facebook-síðu Tvinnakeflisins.

FLUTT Á HVAL-EYRARHOLTÍÐ

Jakobína Kristjánsdóttir kjólaklæðskeri hefur flutt Tvinnakeflið að Melabraut 29 í Hafnarfirði.

ÞETTA ER TUDOR



Rafgeymar í allar gerðir farartækja

SKORRI


SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfði 12 · 110 Rvk · 5771515 · skorri.is

SAGA - FREYJA - ÞÓR - ÓÐINN

Framúrskarandi heilsudýnur á góðu verði

Með 5 svæðaskiptu pokagormakerfi. Góður lágbaksstuðningur. Mýkra og betra axlarsvæði. Vandaðar kantstyrkingar. Fullkomin nýting á svefnfleti




Fimm stjörnu verslun

Svefn & heilsa

★★★★★

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opíð virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is



12 mán.
vaxtalausr
greiðslur*

*3.5% lantökugjald



Baldursnesi 6 - Akureyri



Listhúsið - Reykjavík

Heilsudýnur á frábæru verði
Verðdæmi á Sögu og Freyju
Með botni og fótum stgr.

Stærð
153x203
160x200
180x200
180x210

Verð
144.900 kr.
149.900 kr.
169.900 kr.
179.900 kr.

LEIÐSÖGUNÁM

VIÐURKENNT STARFSNÁM AF ATVINNULIFINU

Hnitmiðað og skemmtilegt nám fyrir þá sem vilja kynna Ísland í máli og myndum. Námið er opið öllum þeim sem áhuga hafa á að læra hvernig standa skal að leiðsögn erlendra og innlendra ferðamanna um Ísland.

-Flest stéttarfélög styrkja nemendur til náms.

-Nemendur geta að námi loknu gerst félagsmenn í Leiðsögufélaginu

Helstu námsgreinar:

- Helstu viðkomustaðir ferðamanna á Íslandi í máli og myndum.
- Mannleg samkipti, leiðsögutækni, hestar, fuglar og flóra. Framsaga.
- Saga landsins, jarðfræði, bókmenntir og listir, menningartengd ferðaþjónusta.
- Skipulagðar ferðir og afþreyingaferðir. Ritgerðaverkefni og margt fleira.

Leiðbeinendur eru þaulvanir leiðsögumenn og sérfræðingar hver á sínu sviði. Boðið er uppá dag – og kvöldnám, auk þess er farið í fjölda vettvangsferða.

Umsögn:

S.l. vetur stundaði ég leiðsögunám í Ferðamáskóla Íslands. Námið stóð vel undir væntingum þar sem fjölmargir kennarar komu að kennslunni og áttu þeir auðvelt með að ná til mín og auka áhuga minn á námsefninu og ekki síst að vekja mig til umhugsunar um þá auðlind sem landið okkar er og þá virðingu sem okkur ber að sýna því. Kennararnir voru mjög færir og fróðir hver á sínu sviði og áttu auðvelt með að koma efninu til skila. Námið gefur mikla atvinnumöguleika og spennandi tímar eru framundan.



Guðrún Helga Bjarnadóttir, Vestmannaeyjum

Opið 8-22

Ferðamáskóli Íslands

Ferðamáskóli Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466



HÖNNUN Dagný Gylfadóttir sýndi útskriftarverkefni sitt frá University of Cumbria á sýningunni New Design í London í júní. Í kjölfarið fékk hún samning við hið breska Gallery Artemis.

MYND/VALLI

Pana Chocolate

Súkkulaði sem er gott fyrir þig...



- Náttúruleg ofurfæða
- Enginn unninn sykur!
- Framleitt við lágan hita til að viðhalda miklu magni næringaefna
- Inniheldur hrá lífræn- og náttúruleg innihaldsefni

Allt okkar súkkulaði er bæði hand- gert og innpakkað

Inniheldur lífrænt kakó sem er með miklu magn af andoxunarefnum, vítamínum og steinefnum.



www.icecare.is - Netverslun

Útsölustaðir:

Hagkaup lífræna deildin, Fjarðarkaup - Fræið heilsuhornið, Heilsuhúsið, Blómaval – heilsuhornið, Lifandi markaður Borgartúni

HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið landsins með glæsilegt forskot á keppinautana.

Meðallestur Fréttablaðsins í aldursþópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Fretntilviklönun. Capacent, október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára

Á SAMNING HJÁ BRESKU GALLERÍ

ÍSLENSK HÖNNUN Dagný Gylfadóttir lauk BA-námi í keramikhönnun frá University of Cumbria í Englandi í vor. Hún tók þátt í sýningunni New Designer í London og komst á samning hjá breska galleríinu Gallery Artemis.

Ég lauk diplóma frá Myndlistaskólanum í Reykjavík og fór eftir það út í tíu mánuði. Það var mjög lærdómsríkt. Eftir útskrift fengum við nokkur boð um að taka þátt í sýningunni New Designer í London,“ segir Dagný Gylfadóttir, en hún útskrifaðist með BA í keramikhönnun frá University of Cumbria í vor.

Dagný fékk góðar viðtökur á sýningunni en hún sýndi hluta af lokaverkefni sínu, lampa og ljós úr leir. Bæði seldi hún fjölda ljósa og landaði samningi við Gallery Artemis, sem staðsett er í Vatnahéraðinu á Norður-Englandi á vinsælum ferðamanna-stað. Þá hefur íslenskt gallerí sett sig í samband við Dagnýu og er hún því að koma sér upp vinnustofu hið snarasta.

„Það er allt að gerast. Ég er ásamt fleirum að setja upp verkstæði í gamalli verksmiðju í Hafnarfirði. Húsið er mjög hrátt, á tveimur hæðum og á efri hæðinni verðum við þrettán saman. Þetta eiga að verða lifandi vinnustofur ólíkra hönnuða, keramikera, grafíkera, módelismiðir, hnífasmíður og fleiri verða þarna með pláss. Ég er að koma mér

upp verkfærum en ég keypti mér gifsrennibekkin sem ég vann á í skólanum í vetur. Það eru fáar slíkar vélar til, alla vega ekki hér á landi, svo það verður mjög skemmtilegt að byrja að vinna,“ segir Dagný.

Hugmyndina að baki ljósunum sótti hún til sirkustjalda, hringekja og skopparakringla, gleði og léttleika og vann með hálfgegnsæjan leir. Ljósín eru ýmist munstruð að innan eða utan eða munsturlaus. Þegar ljósið er kveikt kemur munstrið í ljós. Súrunnar eru í líflegum litum sem Dagný segir einnig sóttá í sirkusinn.

Dagný segir námið hafa verið skemmtilegt en hún fór ein út og skildi fjölskylduna eftir heima. „Maðurinn minn og þrjú stálpuð börn urðu eftir heima en það gekk bara vel. Við töluðum saman á Skype og fórum í heimsóknir á milli. Bretunum fannst þetta mjög sérstakt,“ segir hún hlæjandi. „En við erum bara svo sjálfstæðir, við Íslendingar.“

Nánar má forvitnast um hönnun Dagnýjar á www.dagnyceramics.com. Þá er hún einnig á Facebook undir heitinu Day new. ■ heida@365.is



MUNSTUR Lamparnir eru ýmist munstraðir að innan eða utan eða munsturlausir. Þegar kveikt er á lampanum kemur munstrið í ljós.



SIRKUS Dagný vann loftljós í hálfgegnsæjan leir. Formin eru sótt í sirkustjöld, hringekjur og skopparakringlur.

ELDHÚS

MÁNUDAGUR 1. SEPTEMBER 2014



Hundrað korktegundir

P.Porgímsson & Co. býður mikið úrval af slitsterkum korki sem er góður á eldhúsi.

SÍÐA 2

Elsta steinsmiðja landsins

S.Helgason býður upp á gríðarlegt úrval af borðplötum í eldhúsinnréttingar.

SÍÐA 4-5

Draumaeldhús í miðbænum

Leikonan Edda Björg Eyjólfsdóttir hefur tekið eldhúsið sitt smám saman í gegn.

SÍÐA 6



Korkur hefur reynst vel í tugi ára

P. Þorgrímsson & Co. að Ármúla 29 hefur þjónustað íslensk heimili með sölu og þjónustu á hvers konar byggingavörum til klæðninga á loftum, gólfum og veggjum innanhúss í yfir sjötíu ár og býður eitt hundrað gerðir af korki á gólf og fjölbreytt úrval af flísaplötum á veggjum.

Við erum bæði með kork á gólf og einnig plötur með flísaútliti til að setja milli skápa,“ segir Alexander Þórsson, sölumaður hjá P. Þorgrímsson & Co.

Slitsterkur og mjúkur undir fæti

„Korkurinn er mikið tekinn á gólf í eldhúsi út af mýktinni. Hann er mýkri undir fæti en til dæmis flísar. Hann dregur einnig í sig högg og er þar af leiðandi hljóðdeyfandi,“ segir Alexander.

„Við eigum þó nokkuð margar týpur og ólíkt útlit af korki, til dæmis kork sem límdur er niður og lakkaður eftir á. Þannig er yfirborðið alveg lokað og mjög rakaþolið. Einnig bjóðum við niðurlímdan kork með vínilhúð sem er afar slitsterk. Sú gerð hefur verið í notkun í íslenskum eldhúsum í tugi ára og reynst afar vel. Við erum einnig með korkparket með vínilhúð og korkparket sem þarf að lakka. Korkurinn fæst í töluverðu litaúrvali og má þar helst nefna svartan, hvítan, gráan og brúnan lit svo ekki sé minnst á viðarlitina. Við erum með hátt í eitt hundrað gerðir.“

Náttúrulegt efni

„Korkurinn er unninn af kórkeik. Það þarf ekki að fella tréð við vinnslu korksins heldur er hann tekinn utan af trénu á nú

ára fresti og vex aftur. Þetta er því sjálfbær ræktun.“


Veggplötur með flísamynstri

Verslunin býður fjölbreytt úrval af flísaplötum milli skápa. Plötur eru 60 cm sinnum 58 cm en einfalt er að sníða þær til og fella saman að sögn Ólafs.

„Samskeytin eru vart sjáanleg.“ Plötur eru úr níu millimetra krossviði og yfirborðið er harðplast.

Einnig fást plötur í 60 sinnum 240 cm. Þetta efni er einnig notað inn í sturtuklefa því það er vatnsþolið og gott að þrifa það. Við eigum til fjölda ólíkra mynstra í flísaplötunum,“ segir Alexander.

Nánari upplýsingar á korkur.is



Alexander Þórsson, sölumaður hjá P. Þorgrímsson & Co., segir kork hafa reynst afar vel á íslenskum eldhúsgólfum.

MYND/STEFÁN



Fjölbreytt úrval af flísaplötum á vegg er að finna í versluninni.



Um eitt hundrað gerðir af korki er að finna í versluninni. Korkur er mjúkur undir fæti og hljóðdempandi.

Leggðu náttúrukork á gólfni heima



„Ég er sjálfur lesblindur með athyglisbrest og allan þakkann. Skóli var helvíti fyrir mig. Ég faldi mig bak við her af vinum, sem voru eiginlega allir haldnir sömu vandamálum. Svo fékk ég útrás í dansinum,“ segir Guðmundur Elfas Knudsen sem hefur í samvinnu við Klifið, skapandi fræðslusetur, þróað námskeiðið Hreyfismiðjan fyrir stráka á aldrinum 13-16 ára sem eru með ADHD, athyglisbrest eða ofvirkni.

Guðmundur byggir námskeiðið upp á eigin reynslu. „Ég upplifði mikla reiði á unglingsárum vegna þess að ég féll ekki inn í boxið. Í menntaskóla var svo skorad á mig að mæta í ballet og ég ákvað upp á grínið að mæta. Eftir fyrsta tímann varð ekki aftur snúið,“ útskýrir Guðmundur Elfas. Hann hóf svo nám við Listdansskóla Íslands, en eftir það flutti hann sig til Hollands í nám við Hogeschool voor de Kunsten í Arnhem. Guðmundur Elfas leggur um þessar mundir stund á meistaranám við listkennsludeild Listaháskóla Íslands og verður Hreyfismiðjan hluti af meistara verkefni hans.

„Ef ég hefði haft eitthvað svona þegar ég var á þessum aldri hefði kannski meira orðið úr manni en fátækur listamaður,“ segir Guðmundur Elfas og hlær. Markmið námskeiðsins er að auka sjálfstraust og líkamsmynd strákanna sem taka þátt. Að sögn Guðmundar verður unnið með líkamsmeðvitund og beitingu dansins sem farveg fyrir tilfinningar og reiði.

„Ég upplifði mikla reiði á unglingsárum vegna þess að ég féll ekki inn í boxið.“

reiði á unglingsárum vegna þess að ég féll ekki inn í boxið. Í menntaskóla var svo skorad á mig



DANSINN BREYTTI ÖLLU Guðmundur fékk útrás í dansinum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

Uppeldi barna og unglinga með ADHD

Uppeldi barna og unglinga með ADHD er oft krefjandi og reynir því töluvert á bæði foreldra og aðra, til dæmis kennara. Góð sjálfsmynd er forsenda velgengni og því er lykilatriði að stuðla að því að börnin bíði ekki stöðuga ósgra í daglegu lífi.

Börn og unglingar læra ekki af skömmum og neikvæðu viðmóti. Þetta brýtur niður sjálfsmyndina og

eykur hættu á kvíða og depurð.

Mikilvægt er að leita eftir sterkum hlíðum en ekki að einblína á veikleika. Börn og unglingar með ADHD þurfa skýra ramma í uppeldinu, fáar en einfaldar reglur og ótvíræð og einföld fyrirmæli sem fylgt er eftir.

Fyrst og fremst þarf þó jákvætt viðmót, hrós og viðurkenningu fyrir

það sem vel er gert. Skilningur á eðli ADHD og samvinna þeirra sem umgangast barnið eða unglínginn, hvort sem það er heima eða utan heimilis, í skóla eða leikskóla eða í tómsundastarfi, er forsenda þess að hægt sé að takast á við vandann og skapa þeim og fjölskyldum þeirra gott líf.

Heimild: ADHD-samtökin

BÍÓ PARADÍS MIÐASALA Á **midi.is**

BJÖRK BIOPHILIA
6. SEPT

ONE DIRECTION
11. OKT

miðasala hafin á **midi.is**

SKJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADÍS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**

SAFT

Kjartan á leiðinni til Danmerkur

FÓTBOLTI Kjartan Henry Finnbogason, framherji KR, er líklegast á förum frá félaginu til B-deildar félagsins Horsens í Danmörku en þetta Rúnar Kristinsson, þjálfari KR, við blaðamenn eftir leik en Kjartan gaf ekki kost á sér í viðtölum eftir 2-3 tap KR gegn Stjörnunni. Kjartan Henry hefur verið gríðarlega mikilvægur KR-liðinu undanfarnin ár og skoraði hann meðal annar sigurmark leiksins í uppbótartíma í bikarúrslitaleiknum gegn Fram. „Það er mjög líklegt að það gerist á morgun að hann fari til Danmerkur. Það er ekki búið að ganga frá neinu og því ætla ég ekki að tjá mig meira um það að svo stöddu,“ segir Rúnar. Kjartan Henry snýr því aftur í atvinnumennsku en hann fór á sínum yngri árum til skoska stórveldisins Celtic. Kjartan sem er uppalinn í KR hefur einnig leikið í Noregi og Svíþjóð.

- kpt



Verð tilbúinn í leikinn gegn Tyrklandi

FÓTBOLTI Aron Einar Gunnarsson, fyrirliði íslenska landsliðsins og leikmaður Cardiff, segir að hann verði tilbúinn í leikinn gegn Tyrklandi á Laugardalsvelli á þriðjudaginn næstkomandi. Aron Einar meiddist í leik gegn Wolves í ensku 1. deildinni á dögunum og hefur ekki verið í leikmannahóp Cardiff í undanförunum leikjum en hann staðfesti við Fréttablaðið að hann væri kominn af stað á ný. „Ég fór meiddur af velli í leiknum gegn Wolves og það tók rúmlega viku að komast af stað á ný. Ég byrjaði bara að æfa aftur á föstudaginn og

það var tekin ákvörðun um að ég myndi æfa með varaliðinu í staðin fyrir að fara í þennan leik til þess að þetta myndi ekki endurtaka sig. Ég er því tilbúinn í þennan leik með íslenska landsliðinu,“ sagði Aron sem er spenntur fyrir leikjumum.

„Ég verð tilbúinn í þessa leiki rétt eins og aðrir leikmenn. Þetta verður erfiður riðill en við erum tilbúnir í þessa baráttu. Það eru flestir leikmennirnir að spila þessa dagana sem er bara jákvætt fyrir liðið,“ sagði landsliðsfyrirliðinn Aron Einar en Ísland tekur á móti Tyrklandi á þriðjudaginn næstkomandi.

- kpt



SPENNTUR Landsliðsfyrirliðinn er klár í slaginn gegn Tyrkjum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



ÓTRÚLEG Harpa fagnar þriðja marki sínu í leiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

Fimmta konan með þrennu

FÓTBOLTI Harpa Þorsteinsdóttir varð um helgina fimmta konan til þess að skora þrennu í bikarúrslitaleik kvenna í 4-0 sigri Stjörunnar á Selfoss. Harpa, sem hefur verið einfaldlega óstöðvandi í sumar, hefur skorað 27 mörk í öllum keppnum í sumar, þar af sjö mörk í tveimur leikjum gegn Selfossi.

Harpa kom Stjörnunni á bragðið með fyrsta marki leiksins með glæsilegum skalla í lok fyrri hálfleiks, gríðarlega mikilvægt mark sem róaði taugar Stjörnu-kvenna til muna. Harpa bætti svo við tveimur mörkum þegar tíu mínútur voru til leiksloka sem gerðu endanlega út um leikinn. Hið fyrra kom eftir vel útfærða aukaspjrynu og nýtti Harpa sér mistök í varnarleik Selfoss til að bæta við þriðja marki leiksins.

„Ég veit það ekki, þetta hefur gengið vel í sumar,“ sagði Harpa létt þegar borið var undir hana hvort Selfoss væri uppáhaldsandsæðingur eftir mörkin sjö.

PRENNUR Í SÖGU BIKARÚRSLITALEIKS KVENNA Í FÓTBOLTA

1) JÓNÍNA VÍGLUNDSDÓTTIR 1991 fyrir ÍA á móti Keflavík í 6-0 sigri.

2) ERLA HENDRIKSDÓTTIR 1996 fyrir Breiðablik á móti Val í 3-0 sigri.

3) MARGRÉT LÁRA VIÐARSDÓTTIR 2006 fyrir Val á móti Breiðabliki í 3-3 jafntefli.

4) HÓLMFRÍÐUR MAGNÚSDÓTTIR 2008 fyrir KR á móti Val 2008 í 4-0 sigri.

5) HARPA ÞORSTEINSDÓTTIR 2014 fyrir Stjörnunna á móti Selfossi í 4-0 sigri. - kpt

Hörputónar í Laugardalnum

Stjarnan vann fjórða titil sinn á síðustu fjórum árum með 4-0 sigri á Selfoss í bikarúrslitaleiknum um helgina. Eftir mörg mögur ár þar á undan er markmið liðsins að vinna tvennuna í fyrsta sinn í sögu félagsins.

FÓTBOLTI Allt fram til ársins 2011 hafði meistaraflokkur Stjörunnar í knattspyrnu hvorki tekist að vinna bikarinn á Íslandi né Íslandsmeistararitilinn. Kvennalið Stjörunnar braut blað í sögu félagsins þann 30. ágúst 2011 þegar stúlkurnar urðu Íslandsmeistarar í fyrsta sinn en síðan þá hafa þær haft góð tæk á íslensku kvenknattspyrnu. Fjórum árum síðar eru tveir bikarmeistararitlar komnir í hús ásamt einum Íslandsmeistararitli og stefnir allt í að annar Íslandsmeistararitillinn í röð og sá þriðji á fjórum árum komi nú í haust.

Öruggt á Laugardalsvelli

Stjarnan vann öruggan 4-0 sigur á Selfossi í bikarúrslitum um helgina og varð í annað sinn í sögu félagsins bikarmeistari. Þær eiga möguleika á því að vinna tvennuna í fyrsta sinn í sögu félagsins en þegar fjórir leikir eru eftir eru þær með sex stiga forskot á Breiðablik í öðru sæti.

„Þessi tilfinning er alltaf jafn æðisleg, við vorum með klár markmið fyrir þetta tímabil og það var að vinna tvöfalt og að vinna bikarinn var stórt skref í átt að því. Við höfum oft átt erfiðtt með þessa keppni og mættum erfiðum liðum á leiðinni sem gerir þetta enn betra. Þetta var æðislegur dagur og gaman að taka þátt í þessu, stemmingin var frábær og það var sett nýtt áhorfendamet,“ sagði Harpa Þorsteinsdóttir sem var hetja Stjörunnar í leiknum en hún skoraði fyrstu þrjú mörk liðsins.

„Við vorum með ágætis stjórn á leiknum og gáfum fá færi á okkur og náðum sem betur fer marki rétt fyrir lok fyrri hálfleiksins, það skipti gríðarlega miklu máli í lokin. Svo náum við að setja annað mark sem gerir eiginlega út um leikinn að mínu mati og við náðum að bæta við mörkum eftir það. Lokatölur leiksins segja ekki alveg til um hvernig hann spilaðist, það



FÖGNUMUR Leikmenn Stjörunnar fögnuðu með stuðningsmönnum sínum eftir 4-0 sigur á Selfoss í bikarúrslitunum. Stjarnan stefnir að fyrstu tvennunni í sögu félagsins en þær eru með gott forskot á toppi Pepsi-deildarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

var meira jafnræði í þessu við þurftum að hafa virkilega fyrir þessu. Þær vörðust virkilega vel þótt þeim hafi ekki gengið vel að að skapa sér færi.“

Gullkynslóð Stjörunnar

Allt frá árinu 2011 hefur verið sterkur kjarni í Stjörnulíðinu sem leiðir liðið. Ásgerður Stefania Baldursdóttir og Anna Björk Kristjánsdóttir hafa verið lykil-leikmenn liðsins öll árin fjögur en ásamt þeim eru leikmenn á borð við Hörpu Þorsteinsdóttur, Söndru Sigurðardóttur, Önnu Maríu Baldursdóttur og Krístrúnu Kristjánsdóttur.

„Við erum búnar að byggja gríðarlega góðan grunn og við erum með gott lið núna sem hefur spilað

lengi saman og við þekkjum hvor aðra mjög vel. Þetta er ekkert að hætta núna, ég ætla rétt að vona það. Það heldur áfram uppgangurinn í Garðabænum,“ sagði Harpa létt að lokum og tók fyrirliði liðsins, Ásgerður Stefania Baldursdóttir undir það. „Við stefnum að tvennunni í ár og við þurfum að einbeita okkur að deildinni núna. Við þurfum að vera vel giraðar í næstu leiki, mótið er ekki búið þótt staðan sé góð,“ sagði fyrirliðinn.

Hugarfarsbreyting hjá félaginu

„Þetta eru búin að vera frábær ár hjá Stjörnunni síðustu ár, strákarnir eru búnir að standa sig frábærlega þótt það hafi ekki komið bikarar. Það varð hugarfarsbreyting hjá félaginu sem er að

skila þessum árangri í dag,“ sagði Ásgerður sem segir að framtíðin sé björt í Garðabænum.

„Það kom frábær þjálfari á sínum tíma sem fékk okkur til þess að hugsa betur og hann á risastóran þátt í þessum árangri hjá okkur. Allt félagið virðist hafa tekið við sér því yngri flokka starfið blómstrar í félaginu og ég hef fulla trú á því að strákarnir vinni deildina í fyrsta sinn í ár,“ sagði fyrirliðinn sem hefur trú á því að liðið muni berjast áfram um titla á næstu árum. „Þessu er ekki lokið, við erum með gríðarlega sterkan og mjög ungan hóp sem á mörg ár eftir svo það er langt í að gullaldarárum Stjörunnar ljúki eins og staðan er í dag,“ sagði fyrirliðinn Ásgerður. kristinnpall@365.is

Kristján og Karen stigameistarar á Eimskipismótaröðinni

Kristján Þór lauk frábæru keppnisári á stigatitli Eimskipismótaröðarinnar. Þá stóðst Karen pressuna á Goðamótinu á Akureyri um helgina.

GOLF Kristján Þór Einarsson úr Golfklúbbum Kili og Karen Guðnadóttir úr Golfklúbbum Suðurnesja stóðu uppi sem stigameistarar í Eimskipismótaröðinni í ár. Þetta var ljóst eftir að síðasta móti ársins, Goðamótinu, lauk á Akureyri í gær.

Kristján Þór sigraði síðasta mótið en hann hafði þegar tryggt titil sinn en það var meiri spennan í kvenaflokki. Kristján lék lokahring mótaröðarinnar á fjórum höggum undir pari og skaut upp fyrir Gísla Sveinbergsson.

Karen var með gott forskot á næsta keppenda, Signýju Arnórsdóttir, og tryggði sér sigurinn með því að lenda í öðru sæti sem nægði henni til þess að sigra stigakeppni kvenna örugglega.

Karen vann mótaröðina í fyrsta sinn en hún hefur lent í vandræðum með að sýna nægilegan stöðugleika á mótum í ár.

Vildi sýna stöðugleika

„Þetta var auðvitað bara frábært að geta sýnt hvað maður getur á þessu stigi og sýna stöðugleikann. Ég hef ekki unnið mót en stöðugleikinn sýnir að maður er góður kyflingur í mörgum mótum. Ég tók þátt í öllum mótum með það að markmiði að enda ofarlega og það tókst nokkuð vel,“ sagði Karen en hún var ánægð með spilamennsku sína á mótinu um helgina.

„Ég spilaði heilt yfir fyrir utan að ég þúttuði mjög illa í dag. Ég var að spila vel alla helgina en þúttin voru ekki að detta í dag,“

sagði Karen í gær. Kristján Þór var skiljanlega sáttur með sigurn sem kórónaði frábært tímabil hans.


„Tilfinningin er bara mjög góð, þetta er góður endir á góðu tímabili að sigra lokamótið,“ sagði Kristján sem var ánægður með spilamennskuna á mótinu við erfiðar aðstæður í gær.

Gefur mér sjálfstraust

„Spilamennskan í dag var virkilega góð, það voru mjög erfiðar aðstæður, mikill vindur og að koma inn á fjórum höggum undir pari og án skolla var frábært. Þetta gefur mér bara enn meira sjálfstraust fyrir það sem er næst á dagskránni hjá mér svo maður hlýtur að vera sáttur.“ - kpt



STÖÐUGLEIKI Karen lék stöðugt golf á mótaröðinni í ár. MYND/GSIMYNDIR.NET



GOTT ÁR Kristján hefur átt frábært tímabil. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

LÁTTU BÍLINN VINNA FYRIR ÞIG



SKRÁÐU



LEIGÐU



HAGNASTU



CARITAS
www.caritas.is

Á Caritas.is getur þú leigt bílinn þinn út þegar þú þarft ekki á honum að halda. Caritas.is er löggild bílaleiga og sér til þess að bíllinn þinn sé tryggður á meðan útleigu stendur.

2-4 **Nettóvöllurinn**
 Áhorf: 450
Vilhjálmur A. Þórarinn (7)

Mörkin: 1-0 Hörður Sveinsson (35.), 1-1 Hafsteinn Briem (51.), 1-2 Aron Bjarnason (58.), 1-3 Jóhannes Karl Guðjónsson (66.), 1-4 Guðmundur Steinn Hafsteinnsson (85.), 2-4 Hörður Sveinsson (87.)

KEFLAVÍK (4-3-3): Jonas Sandqvist 4 - Magnús Matthíasson 5, Haraldur F. Guðmundsson 5, Halldór K. Halldórsson 4, Aron G. Jafetsson 5 - Einar O. Einarsson 4 (70. Theodór Guðni Halldórsson -), Sindri S. Magnússon 5, Sigurbergur Elísson 4 - Bojan Ljubicic 5 (88. Leonard Sigurðsson -), Elías M. Ómarsson 5, Hörður Sveinsson 6.

FRAM (4-3-3): Denis Cardaklija 5 - Halldór Arnarsson 5 (46. Hafsteinn Briem 6), Ingiberg Ó. Jónsson 5, Tryggvi S. Bjarnason 6, Einar B. Ómarsson 5 - Orri Gunnarsson 5, Arnþór A. Atlason 5 (57. Viktor Bjarki Arnarsson 5), Jóhannes K. Guðjónsson 6 (88. Ásgeir Marteinsson -) - Haukur Baldvinsson 6, Aron Bjarnason 5, *Guðmundur S. Hafsteinnsson 7.

Skot (á mark): 14-10 (4-7) **Horn:** 6-5
Varin skot: Jonas 3 - Denis 2

Keflavíkurlíðið hefur aðeins unnið 1 af síðustu 15 leikjum sínum í Pepsi-deildinni og sá sigur kom 22. júní. (1 sigur, 7 jafntefli og 7 töp).

3-0 **Vodafonevöllur**
 Áhorf: 307
Kristinn Jakobsson (7)

Mörkin: 1-0 Haukur Páll Sigurðsson (10.), 2-0 Þórður Steinar Hreiðarsson (34.), 3-0 Patrick Pedersen (54.).

VALUR (4-4-2): Anton Ari Einarsson 6 - Billy Brentsson 5, Þórður Steinar Hreiðarsson 6, Magnús Már Lúðvíksson 6, Bjarni Ólafur Eiríksson 6 - Sigurður Egill Lárusson 4 (77.), Halldór Hermann Jónsson -, Haukur Páll Sigurðsson 6, *Kristinn Freyr Sigurðsson 7 - Patricik Pedersen 6, Tonny Mawejje 5 (87., Gunnar Gunnarsson -).

ÍBV (4-4-2): Abel Dahira 4 - Jökull Elísabetarson 3, Andri Ólafsson 3, Brynjar Gauti Guðjónsson 4, Matt Garner 4 - Þórarinn Ingi Valdimarsson 4, Gunnar Þorsteinsson 4, Jón Ingason 4 (77.), Arnar Bragi Bergsson -, Víðir Þorvarðarson 4 (59., Atli Fannar Jónsson 5) - Jonathan Glenn 6, Ian David Jeffs 4 (59., Bjarni Gunnarsson 5).

Skot (á mark): 18-5 (10-1) **Horn:** 1-3
Varin skot: Anton 1 - Abel 7

Verður Gylfi bestur í ágúst?

Gylfi Þór Sigurðsson hefur átt stóran þátt í öllum sex mörkum Swansea í fyrstu þremur umferðunum í ensku úrvalsdeildinni á þessu tímabili og velska liðið er með fullt hús stiga eins og stjörnum þrytt lið Chelsea.

FÓTBOLTI Gylfi Þór Sigurðsson hefur farið á kostum með velska liðinu Swansea í upphafi ensku úrvalsdeildarinnar í vor. Gylfi sneri aftur til Wales í sumar eftir tveggja ára dvöl hjá Tottenham þar sem hann fékk aldrei sömu tækifæri og hefur hann blómstrað undir stjórn fyrrverandi liðsfélaga síns og núverandi knattspyrnustjóra, Garry Monk. Gylfi hefur komið að öllum fimm mörkum Swansea á tímabilinu en Svanirnir frá Wales sitja í öðru sæti með fullt hús stiga eftir þrjá leiki.

Nýtt hlutverk
 Gylfi lenti oft í því hjá Tottenham að þurfa að leika út á kanti og gekk honum því illa að sýna sitt rétta andlit. Hjá Swansea er honum hins vegar treyst til þess að leika fyrir aftan framherjann. Gylfi hefur svarað kallinu með því að skora sigurmark liðsins á Old Trafford ásamt því að eiga þátt í sigurmarki liðsins gegn Burnley um síðustu helgi. Gylfi var að lokum allt í öllu í sigri Swansea á WBA um helgina en hann lagði

upp tvö mörk ásamt því að eiga stóran þátt í þriðja marki liðsins. Gylfi hefur því átt stóran hluta í öllum fimm mörkum Swansea á tímabilinu í fyrstu þremur leikjum liðsins. Hefur Gylfi því komið að jafn mörgum mörkum hjá Swansea á 270 mínútum á þessu tímabili og á ferli sínum hjá Tottenham í ensku úrvalsdeildinni þar sem hann lék 2511 mínútur.

Endurtekur hann leikinn?
 Gylfi var valinn fyrstur allra Íslendinga leikmaður mánaðarins í ensku úrvalsdeildinni í mars árið 2012. Það skyldi enginn útlóka að hann muni ekki endurtaka leikinn þegar valið verður tilkynnt á morgun eftir stórkostlegar frammistöður undanfarnar þrjár vikur. Það sem stendur helst í veg fyrir honum er góð byrjun spænska framherjans Diego Costa. Costa hefur byrjað tímabilið afar vel í liði Chelsea en hann hefur skorað fjögur mörk í fyrstu þremur leikjum tímabilsins.



FRÁBÆR Gylfi kemur hann vel til greina sem leikmaður mánaðarins í ensku úrvalsdeildinni eftir góða byrjun. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Kandídatinn Gylfi Þór Sigurðsson í kosningunni á leikmanni ágústmánaðar

KRINGUMSTÆÐURNAR: Gylfi snýr aftur til Swansea eftir tveggja tímabila fjarveru og smellpassar inn í sitt gamla hlutverk fremst á miðjunni.

GENGI LIÐSINS: Swansea hefur náð í 9 stig af 9 mögulegum og er með markatöluna 6-1. Liðið er í 2. sæti og spilar miklu betri bolta en í lok síðasta tímabilsins þegar liðið vann aðeins 4 af síðustu 12 leikjum sínum.

FRAMMISTAÐAN: Gylfi er með 1 mark og 4 stoðsendingar í 3 leikjum og hefur hlaupið langmest af leikmönnum Swansea.

STÓRA STUNDIN: Sigurmarkið hjá Gylfa á móti Man. United á Old Trafford í 1. umferðinni.

AF HVERJU EKKI?: Diego Costa hjá Chelsea hefur skorað 4 mörk í fyrstu þremur leikjum sínum með Chelsea og liðið er með fullt hús og markatöluna 11-4 á toppnum.

LÍKLEGAST: Monk verður væntanlega fulltrúi Swansea í kjörinu þegar hann verður kosinn besti knattspyrnustjóri mánaðarins.

dyson

ÖFLUGAR HÁGÆÐA RYKSUGUR

NÝ KYNSLÓÐ

15%

KYNNINGAR
AFSLÁTTUR

TIL 15. SEPTEMBER

Einar Farestveit & Co.hf.

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

2-3 **KR-völlur**
 Áhorf: 1532
Þorvaldur Árnason (6)

Mörkin: 1-0 Aron Bjarki Jósefsson (19.), 1-1 Veigar Páll Gunnarsson (60.), 1-2 Ólafur Karl Finsen (69.), 2-2 Óskar Örn Hauksson (76.), 2-3 Ólafur Karl Finsen (87.).

KR (4-3-3): Stefán Logi Magnússon 5 - Haukur Heiðar Hauksson 6, Aron Bjarki Jósefsson 5, Grétar Sigfinnur Sigurðsson 5, Gunnar Þór Gunnarsson 6 - Jónas Guðni Sævarsson 5 (66., Farid Zato 5), Baldur Sigurðsson 6, Almarr Ormarsson 5 (73., Gonzalo Balbi -) - Kjartan Henry Finnbogason 4, Óskar Örn Hauksson 7, Gary Martin 6.

STJARNAN (4-4-2): Ingvar Jónsson 6 - Pablo Punyed 8, Heiðar Ágísson 6, Hörður Árnason 5, Daniél Laxdal 6 - Arnar Már Björgvinsson 6, Atli Jóhannsson 5, Þorri Geir Rúnarsson 5, *Ólafur Karl Finsen 8 - Veigar Páll Gunnarsson 6 (73., Jón Arnar Barðdal), Rolf Toft 6.

Skot (á mark): 7-9 (5-6) **Horn:** 4-10
Varin skot: Stefán 2 - Ingvar 3.

0-1 **Þórsvöllur**
 Áhorf: 405
Órvar Sær Gíslason (8)

Mörkin: 0-1 Michael Maynard Abnett 59.)

PÓR (4-3-3): Sandor Matus 6; Orri Sigurjónsson 5 (46. Sigurður Marín Kristjánsson 5), Orri Freyr Hjaltalín 6, Atli Jens Albertsson 5 (77. Þórður Birgisson -), Kristinn Þór Björnsson 5; Shawn Nicklaw 5, Ármann Pétur Evarsson 5, Jónas Björgvin Sigurðsson (77. Kristinn Þór Rósbergsson -); Sveinn Elías Jónsson 5, Chukwudi Chijindu 5, Jóhann Helgi Hannesson 5.

VÍKINGUR (4-2-3-1): Ingvar Þór Kale 5; Kjartan Digne Baldursson 6, Óttar Steinn Magnússon 6, Alan Lowing 6, Ivar Örn Jónsson 6; Kristinn Jóhannes Magnússon 5, Igor Taskovic 5; *Michael Abnett 6, Aron Elís Práanderson 6 (85. Henry Monaghan -), Páll Olgeir Þorsteinsson 5 (58. Dofri Snorrason 5) (82. Viktor Jónsson -); Pape Mamadou Faye 5.

Skot (á mark): 1-9 (0-4) **Horn:** 7-3
Varin skot: Sandor 3 - Ingvar 0.

PEPSI DEILDIN 2014

STAÐAN

FH	17	12	5	0	34-11	41
Stjarnan	17	11	6	0	33-20	39
KR	17	10	2	5	27-19	32
Víkingur R.	17	9	2	6	23-20	29
Valur	18	7	3	8	27-28	24
Fylkir	18	6	4	8	28-31	22
Breiðablik	18	3	11	4	28-29	20
ÍBV	18	5	5	8	24-29	20
Keflavík	18	4	7	7	25-29	19
Fram	18	5	3	10	23-34	18

Fjölnir	18	3	7	8	26-33	16
Pór	18	2	3	13	21-36	9

4-0 **Kaplakrikavöllur**
 Áhorf: 937
Gunnar Jarl Jónsson (8)

Mörkin: 1-0 Ingimundur Niels Óskarsson (55.), 2-0 Atli Guðnason (62.), 3-0 Steven Lennon (64.), 4-0 Steven Lennon (73.).

FH (4-3-3): Róbert Örn Óskarsson 6 - Jón Ragnar Jónsson 6, Pétur Viðarsson 7, Kassim Doumbia 6, Jonathan Hendrickx 6 - Davíð Þór Viðarsson 6 (75., Sam Hewson -), Hólmur Örn Rúnarsson 6, *Atli Guðnason 8 - Ingimundur Niels Óskarsson 7 (75., Emil Pálsson -), Steven Lennon 8 (78., Atli Viðar Björnsson -), Ólafur Páll Snorrason 6.

FJÖLNIR (4-3-3): Þórður Ingason 5 - Árni Kristinn Gunnarsson 5 (66., Haukur Lárusson 5), Atli Már Þorbergsson 4, Gunnar Valur Gunnarsson 5, Matthew Ratajczak 5 - Guðmundur Böðvar Guðjónsson 4, Guðmundur Karl Guðmundsson 5, Þórir Guðjónsson 6 - Aron Sigurðarson 5 (71., Viðar Ari Jónsson 5), Mark Charles Magee 4 (80., Cristhoper Paul Tsonis -), Ragnar Leósson 4.

Skot (á mark): 12-8 (8-3) **Horn:** 12-2
Varin skot: Róbert 3 - Þórður 3.

2-2 **Kópavogsvöllur**
 Áhorf: 1115
Þóroddur Hjaltalín (6)

Mörkin: 0-1 Gunnar Örn Jónsson (40.), 1-1 Elvar Páll Sigurðsson (53.), 2-1 Ellert Hreinsson (79.), 2-2 Kjartan Ágúst Breiðdal (81.).

BREIÐABLIK (4-3-3): Gunnleifur Gunnleifsson 6 - Baldvin Sturluson - (14. Stefán Gíslason 5 (76. Olgeir Sigurgeirsson -)), Elfar Freyr Helgason 6, Finnur Orri Margerisson 6, Arnór Sveinn Aðalsteinsson 6 - Guðjón Pétur Lýðsson 7, Andri Rafn Yeoman 7, Ellert Hreinsson 6 - Höskuldur Gunnlaugsson 4, Elvar Páll Sigurðsson 6 (90. Óliver Sigurjónsson -), *Árni Vilhjálmsson 7.

FYLKIR (4-3-3): Bjarni Þórður Halldórsson 6 - Ásgeir Örn Arnþórsson 6, Stefán Ragnar Guðlaugsson 6, Agnar Bragi Magnússon - (19. Kjartan Ágúst Breiðdal 6), Tómas Joð Þorsteinsson 6 - Finnur Ólafsson 7, Oddur Ingi Guðmundsson 6 (83. Andrew Sousa -), Andrés Már Jóhannsson 6 (57. Kristján Hauksson 6) - Ragnar Bragi Sveinsson 6, Gunnar Örn Jónsson 7, Albert Brynjar Ingason 5.

Skot (á mark): 16-11 (8-6) **Horn:** 6-6
Varin skot: Gunnleifur 4 - Bjarni 5.

Breiðablik jafnaði met KR frá 1982 með því að gera sitt 11. jafntefli í deildinni í sumar.

NÆSTU LEIKIR

Sunnudagur 14. sept.: 17.00 Pór - FH, ÍBV - Breiðablik, Fylkir - KR, Víkingur R. - Valur
19.15 Stjarnan - Keflavík. Mánudagur 15. sept.: 19.15 Fram - Fjölnir.

visir.is
 Meira um leiki gærkvöldsins

KRÓNAN

- fyrst og fremst ódýr!

32%
afsláttur

1298 kr. kg

Verð áður ~~1698~~ kr. kg
Grísahnakki með eða án marineringar

23%
afsláttur



998 kr. kg

Verð áður ~~1469~~ kr. kg
Grísakótilettur með eða án marineringar

**GRÍSAKJÖTS-
ÚTSALA**

20% afsláttur

679 kr. kg

Verð áður ~~849~~ kr. kg
Grísahakk

1049 kr. kg

Verð áður ~~1498~~ kr. kg
Grísnitsel og grísagúllas

30% afsláttur

Grísahakk
Grísakótilettur með eða án marineringar
Grísahnakki með eða án marineringar
Grísnitsel og grísagúllas

Kryddaðar
Kryddaðir
Ítölsk marinering
Ítölsk marinering
Kolagrill-marinering
Kolagrill-marinering
Hvítlauks- & rósmarínmarinering
Hvítlauks- & rósmarínmarinering
New York-marinering
New York-marinering

Grillaður kjúklingur daglega



Grillaður kjúklingur + 2 lítrar Pepsi*

1280 kr. tvönnan

*Þú velur 2 lítra Pepsi eða Pepsi Max


Stöð 2 kl. 20.00

Kjarnakonur

Vandaðir Íslenskir þættir í umsjá Kolbrúnar Björnsdóttur. Hér ræðir Kolla við konur sem stýra íslenskum fyrirtækjum og kynnist þeim í gegnum líf og störf.



Í KVÖLD



Queen: Sagan öll – fyrri hluti

RÚV KL. 22.20

Þátturinn heitir á frummálinu Queen: Days of Our Lives og er saga hinnar mögnuðu hljómsveitar Queen rakín í máli og myndum í honum.



Málið

SKJÁR EINN KL. 20.45

Sólvi Tryggvason fjallar með fjarlegum hætti um þjófnæð í verslunum á Íslandi og verða til að mynda viðtöl við sérfræðinga í öryggismálum.



The Pursuit of Happyness

BIÓSTÖÐIN KL. 20.05

Átakanleg og sannsöguleg kvikmynd, með Will Smith í aðalhlutverki, um einstæðan föður sem þráir heitast af öllu að tryggja syni sínum öruggt líf.

FM957 kl. 7.00

Morgunþáttur FM957

Sverrir Bergmann og Erna Hrönn vakna með landsmönnum og eru svo sannarlega hress í morgunsárið. Þau spila tónlist sem vel er hægt að dilla sér við sem og bjóða upp á alls kyns fróðleik.



SPORT 2 Í kvöld kl. 21:00

Messan er í kvöld!

Hin heilaga Messa er nú þrisvar sinnum í viku.

Mánudaga, fimmtudaga og föstudaga kl. 21:00.

Guðmundur Benediktsson, Hjörvar Hafliðason og

Ríkarður Daðason færa þér Enska boltann beint í æð.

Vertu með okkur í vetur!

SPORT 2
enski boltinn

STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 08.00 Malcolm In the Middle (7:22)
- 08.25 2 Broke Girls (14:24)
- 08.45 Mom (4:22)
- 09.10 Bold and the Beautiful (6431:6821)
- 09.30 Doctors (103:175)
- 10.10 The Crazy Ones (11:22)
- 10.30 Make Me A Millionaire Inventor (2:8)
- 11.15 Kolla
- 11.45 Falcon Crest (3:22)
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 Cold Feet (5:8)
- 13.50 American Idol (20:39)
- 15.15 ET Weekend (50:52)
- 16.00 Ofurhetjusérsveitin
- 16.25 The Michael J. Fox Show (15:22)
- 16.50 The Big Bang Theory (11:24)
- 17.10 Bold and the Beautiful (6431:6821)
- 17.32 Nágrannar
- 17.57 Pepsi-mörkin 2014
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.11 Veður
- 19.20 Mindy Project (13:24)
- 19.40 The Goldbergs (16:23)
- 20.00 Kjarnakonur
- 20.20 Suits (5:16)
- 21.05 The Leftovers (10:10)
- 21.55 Crisis (13:13)
- 22.40 Louis Theroux: Extreme Love Au (1:0)
- 23.40 Anger Management (21:22)
- 00.05 White Collar (12:16)
- 00.50 Orange is the New Black (12:14)
- 01.50 Burn Notice (12:18)
- 02.35 The Deep Blue Sea
- 04.10 Bad Ass
- 05.40 Fréttir og Ísland í dag

SPORT besta sætið

- 07.00 KR - Stjarnan
- 08.50 Pepsi-mörkin 2014
- 13.30 Inter - Stjarnan
- 15.15 KR - Stjarnan
- 17.05 Pepsi-mörkin 2014
- 18.20 Real Sociedad - Real Madrid
- 20.00 Spænsku mörkin 14/15
- 20.30 Villarreal - Barcelona
- 22.10 UFC Live Events
- 00.40 Spænsku mörkin 14/15

SPORT 2 enski boltinn

- 07.00 Tottenham - Liverpool
- 12.40 Everton - Chelsea
- 14.20 Swansea - WBA
- 16.00 Leicester - Arsenal
- 17.40 Aston Villa - Hull
- 19.20 Tottenham - Liverpool
- 21.00 Messan
- 22.15 Football League Show 2014/15
- 22.45 West Ham - Southampton
- 00.25 Messan

INN

- 20.00 Frumkvöðlar
- 20.30 Græðlingur
- 21.00 Fyrirtækjaheimsókir
- 21.30 Stormurinn

STÖÐ 3

- 16.50 Total Wipeout UK (6:12)
- 17.50 How To Live With Your Parents for the Rest of your Life (6:13)
- 18.10 One Born Every Minute (6:12)
- 19.00 The Amazing Race (9:12)
- 19.45 Friends With Benefits (2:13)
- 20.10 Silicon Valley (2:8)
- 20.35 Graceland (1:13)
- 21.20 The Vampire Diaries (8:23)
- 22.00 Hello Ladies (2:8)
- 22.30 Drop Dead Diva (2:13)
- 23.15 Nikita (6:6)
- 23.55 Terminator: The Sarah Connor Chronicles (14:22)
- 00.40 The Amazing Race (9:12)
- 01.25 Friends With Benefits (2:13)
- 01.45 Silicon Valley (2:8)
- 02.10 Graceland (1:13)
- 02.55 The Vampire Diaries (8:23)
- 03.40 Hello Ladies (2:8)
- 04.05 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví

Krakkastöðin

- 07.00 Ofurhundurinn Krypto 07.22 Skógardýrið Húgó 07.44 Gulla og grænjaxlarnir 07.56 Rasmus Klumpur og félagar 08.00 Ævintýri Tinna 08.25 Latibær 08.47 Hvellur keppnisbill 09.00 Könnuðurinn Dóra 09.24 Mörgæsinn frá Madagaskar 09.45 Dóddi litli og Eyrnastór 09.55 Sumardalsmyllan 10.00 Áfram Diego, áfram! 10.24 Svampur Sveinsson 10.45 Elías 10.55 UKI 11.00 Ofurhundurinn Krypto 11.22 Skógardýrið Húgó 11.44 Gulla og grænjaxlarnir 11.56 Rasmus Klumpur og félagar 12.00 Ævintýri Tinna 12.25 Latibær 12.47 Hvellur keppnisbill 13.00 Könnuðurinn Dóra 13.24 Mörgæsinn frá Madagaskar 13.46 Dóddi litli og Eyrnastór 13.55 Sumardalsmyllan 14.00 Áfram Diego, áfram! 14.24 Svampur Sveinsson 14.45 Elías 14.55 UKI 15.00 Ofurhundurinn Krypto 15.22 Skógardýrið Húgó 15.44 Gulla og grænjaxlarnir 15.56 Rasmus Klumpur og félagar 16.00 Ævintýri Tinna 16.25 Latibær 16.47 Hvellur keppnisbill 17.00 Könnuðurinn Dóra 17.24 Mörgæsinn frá Madagaskar 17.45 Dóddi litli og Eyrnastór 17.55 Sumardalsmyllan 18.00 Áfram Diego, áfram! 18.24 Svampur Sveinsson 18.45 Elías 18.55 UKI 19.00 Óskubuska í villta vestrinu 20.20 Sögur fyrir svefninn

GULLSTÖÐIN

- 17.40 Strákarnir
- 18.05 Frasier (5:24)
- 18.30 Friends (3:24)
- 18.50 Seinfeld (12:24)
- 19.15 Modern Family (8:24)
- 19.40 Two and a Half Men (4:24)
- 20.00 Sjálfstætt fólk
- 20.30 Grillað með Jóa Fel (5:6)
- 21.00 Homeland (7:13)
- 21.55 Sisters (15:22)
- 22.45 The Newsroom (8:9)
- 23.35 Boardwalk Empire (6:12)
- 00.35 Rita (6:8)
- 01.15 Lærkevej (12:12)
- 02.00 Sjálfstætt fólk
- 02.30 Grillað með Jóa Fel (5:6)
- 03.00 Homeland (7:13)
- 03.50 Sisters (15:22)
- 04.40 The Newsroom (8:9)
- 05.30 Boardwalk Empire (6:12)
- 06.25 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví

BIÓSTÖÐIN

- 11.55 Airheads
- 13.25 Thunderstruck
- 15.00 The Pursuit of Happyness
- 16.55 Airheads
- 18.30 Thunderstruck
- 20.05 The Pursuit of Happyness
- 22.00 Snitch
- 23.50 Battleship
- 02.00 Ironclad
- 04.00 Snitch

RÚV

- 16.30 Skólaklúkur (3:20)
- 17.15 Babar og vinir hans (9:15)
- 17.37 Spurt og sprellað (3:26)
- 17.43 Grettir (42:46)
- 17.55 Skúli skelfir (9:26)
- 18.05 Tánmálsfréttir (1:365)
- 18.15 Vesturfarar
- 19.00 Fréttir
- 19.20 Veðurfréttir
- 19.25 Íþróttir
- 19.35 Kastljós
- 20.05 Bráðskarpar skepnur (2:3)
- 21.00 Gullkálfar (1:6) (Mamm- on) Norsk spennuþáttaröð um blaðamann sem sviptir hulunni af fjármálahneyksli hjá alþjóðlegu stórfyrirtæki. Þegar hann kemst að því að fjölskylda hans tengist málinu, hrynur tilvera hans. Aðalhlutverk: Jon Óigarden, Terje Strømdahl og Ingjerd Egeberg. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veðurfréttir
- 23.20 Brúin (9:10)
- 00.20 Kastljós
- 00.45 Fréttir
- 00.55 Dagskrárlök

SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 08.00 Everybody Loves Raymond (18:25)
- 08.25 Dr. Phil
- 09.05 Pepsi MAX tónlist
- 16.05 The Good Wife (4:22)
- 16.50 Hotel Hell (5:6)
- 17.40 Dr. Phil
- 18.20 Top Gear USA (15:16)
- 19.10 The Office (24:24)
- 19.30 Rules of Engagement (23:26)
- 19.55 Kirstie (8:12)
- 20.20 Men at Work (8:10) Prælskemmtilegir gamanþættir sem fjalla um hóp vina sem allir vinna saman á tímariti í New York borg. Þeir lenda í ýmsum ævintýrum sem aðallega snúast um að ná sambandi við hitt kynið. Þegar í ljós kemur að Rachel, nýja kærasta Tylers, fór einu sinni í trekant með Gibbs reyna strákarnir eins og þeir geta að halda því leyndu fyrir Tyler. Neal og Amy gera sitt besta til að komast hjá „afmælisbölluninni“ en virðast ekki geta flúið örlögin.
- 20.45 Málið (13:13)
- 21.15 Reckless - NÝTT (1:13)
- 22.00 Betrayal (12:13)
- 22.45 The Tonight Show
- 23.30 Law & Order. SVU (3:24)
- 00.15 Agents of S.H.I.E.L.D. (20:22)
- 01.05 The Tonight Show
- 01.50 The Tonight Show
- 02.35 Pepsi MAX tónlist

Golfstöðin

- 08.20 PGA Tour 2014
- 13.20 Web.com Tour Highlights
- 14.15 PGA Tour Latinoamerica
- 14.40 2013 FedExCup Playoffs Official
- 15.30 PGA Tour 2014
- 22.00 Golfing World 2014
- 22.50 Inside the PGA Tour 2014
- 23.15 Golfing World 2014

ÚTVARP

- FM 88,5 XA-Radíó
- FM 89,5 Retro

FM 90,1 Rás 2

- FM 90,9 Gullbylgjan
- FM 93,5 Rás 1

FM 95,7 FM957

- FM 96,3 FM Suðurland
- FM 96,7 Létt Bylgjan

FM 97,7 X-ið

- FM 98,9 Bylgjan
- FM 99,4 Útvarp Saga

FM 100,5 K100

- FM 102,9 Lindin

1/2 ÁRSKORT Á 17.990.- Í LÍKAMSRÆKT OG SUND

GYM HEILSA, FAGNAR 17 ÁRA AFMÆLINU MEÐ 3 DAGA OFURTILBOÐI DAGANA 1 - 3 SEPT.

FRÍTT ER Í ALLA HÓPTÍMA FYRIR KORTHAFNA



Hringdu og pantaðu þér **ókeypis prufutíma**
með þjálfara í tækjasal.
Þú færð kennslu á tækin og sérsniðna æfingaáætlun.

GYM heilsa

Kortið gildir í líkamsrækt og sund í **Sundlaug Kópavogs**
og **Íþróttamiðstöðinni Versölum**.

Sundlaug Kópavogs / sími 570 0470
Íþróttamiðstöð Versalir / sími 570 0480

www.gymheilsa.is

MÁNUDAGSLAGIÐ



„Mig langar svo oft á mánuðögum að vinna svona snar „heidarlega“ vinnu. Leggja bara lestarteina fyrir dollara á dag og þurfa lítið að nota hugvitið. Þá ætti lagið Railroad Worksong með Notting Hillbillies vel við.“

Sigríður Eir Zophoniasardóttir, úr hljómsveitinni Euv

Ekki einu sinni vinir á Facebook

Kristín Eiríksdóttir er höfundur nýja leikverksins Hystory. Aðalhlutverk leika Elma Lísu Gunnarsdóttir, Arndís Hrönn Egilsdóttir og Birgitta Birgisdóttir.

„Verkið fjallar um þrjár æskuvinkonur sem hafa ekki hist í tuttugu ár og eru ekki einu sinni vinkonur á Facebook. Svo tekur ein þeirra sig til og ákveður að sé tími á að þær hittist og taki út stöðuna. Afleiðingarnar eru verk í fullri lengd á sviði borgarleikhússins,“ segir Kristín Eiríksdóttir, leikskáld og rithöfundur, sem er höfundur verksins Hystory sem frumsýnt verður í Borgarleikhúsinu í mars.

„Ég er að vinna í dásamlegum hópi. Í verkinu leika Arndís Hrönn Egilsdóttir, Elma Lísu Gunnarsdóttir og Birgitta Birgisdóttir. Ólafur Egilsson kemur svo til með að leikstýra verkinu,“ útskýrir Kristín.

„Arndís, Elma og Birgitta eru í leikfélagi sem heitir Sokkabandið. Þær nálgudust mig á besta tíma og báðu mig um að skrifa fyrir sig verk. Ég var um það leyti akkúrat að byrja á einu slíku og þetta

small allt saman. Þetta hlýtur að hafa verið eitthvað í stjórnum,“ segir Kristín, létt í bragði. „Þetta er búið að vera mjög gott samstarf og hreinlega mjög gefandi félagskapur,“ segir Kristín og hlær. En Kristín er með mörg járn í eldinum. „Svo er ég að gefa út ljóðabókina Kok sem kemur út í haust. Hún er í umbroti núna. Þetta er ljóðabók með teikningum eftir mig og ég hlakka mikið til,“ segir hún að lokum.



GÓÐUR FÉLAGSSKAPUR Kristín Eiríksdóttir, höfundur verksins, ásamt leikkonunum Elmu Lísu, Arndísi Hrönn og Birgittu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

FYRIR LIFANDI HEIMILI

MARCUS
borðstofustólar
TILBOÐSVERÐ
6.390 kr.
Fullt verð: 7.990 kr.
Margir litir

MARCUS
20%
AFSLÁTTUR!

STÓLADAGAR

FULL BÚÐ AF NÝJUM OG FALLEGUM BORÐSTOFUSTÓLUM

AFSLÁTTUR 3.000 KRÓNUR!

PIANA
Svart, brúnt og hvítt PU áklæði.
TILBOÐSVERÐ: 9.990 KR.
Fullt verð 12.990

AFSLÁTTUR 4.000 KRÓNUR!

ASAMA
PU-svart og hvítt. Krómfætur.
TILBOÐSVERÐ: 11.990 KR.
Fullt verð 15.990

AFSLÁTTUR 5.000 KRÓNUR!

ANDREW
Svart, hvítt og brúnt leður.
TILBOÐSVERÐ: 14.990 KR.
Fullt verð 19.990

AFSLÁTTUR 5.000 KRÓNUR!

ATHENA
Ljóst og steingrátt áklæði. Viðarfætur.
TILBOÐSVERÐ: 24.990 KR.
Fullt verð 29.990

AFSLÁTTUR 5.000 KRÓNUR!

SALA
Svart ekta leður. Burstað stál í fótum.
TILBOÐSVERÐ: 29.990 KR.
Fullt verð 34.990

AFSLÁTTUR 5.000 KRÓNUR!

ALEXA
Brúnt og svart ekta leður. Burstað stál í fótum.
TILBOÐSVERÐ: 29.990 KR.
Fullt verð 34.990



HÚSGAGNAHÖLLIN

– Reykjavík – Akureyri –

EITT SÍMANÚMER 558 1100

Kaleo spilar fyrir þotuliðið í London

Bob Gruen, einkaljósmyndari Johns Lennon, heldur sýningu í London í október. Í veislu á eftir spilar Kaleo fyrir gesti á borð við George Michael og Kate Moss.

„Við erum mjög spenntir, þetta er líka í fyrsta skiptið sem við spilum í London,“ segir Davíð Antonsson, trommuleikari hljómsveitarinnar Kaleo, en sveitin kemur fram á nokkurs konar heiðursýningu eins þekktasta ljósmyndara heims, Bobs Gruen, í London. Bob Gruen er höfundur margra þekktustu ljósmynda heims og var til að mynda einkaljósmyndari Johns Lennon í New York og bjó með honum og konu hans. Fleiri þekkt verk eftir hann eru til dæmis af Led Zeppelin við þotuna sína, Bob Dylan, Elton John og fleiri.

Tónlistarmaðurinn og útvarpsmaðurinn Smutty Smiff skipuleggur viðburðinn í London.

„Við Bob höfum verið vinir í 35 ár og þetta er hans fyrsta sýning í tíu ár,“ segir Smutty.

Sýningin fer fram á Ace hótelinu í London en vinur Smutty, Alex Calderwood, einn af þeim sem stofnaði hótelið, var mikill aðdáandi Bobs Gruen.

„Alex lést á síðasta ári og það síðasta sem hann sagði við mig var, þú verður halda sýningu fyrir Bob á hótelinu,“ útskýrir Smutty, sem stendur við sitt og hefur í heilt ár verið að skipuleggja viðburðinn.

Eftir sýninguna verður einkaveisla þar sem Kaleo hitar upp fyrir sannkallaðar stórstjörnur. „Þetta er svona súpergrúpa sem Kaleo mun hita upp fyrir. Í sveitinni eru meðal annars trommuleikarinn Paul Cook sem var í Sex Pistols og Mick Jones úr The Clash,“ segir Smutty en hann mun einmitt leika á bassa í sveitinni.

Gestalistinn í gleðskapinn er ekkert slor en nöfn á borð við Stelli McCartney, George Michael, Boy George og Kate Moss eru á listanum. „Við hlökkum ótrúlega mikið til,“ bætir Davíð við.

Viðburðurinn fer fram í London þann 9. október næstkomandi.

gunnarleo@frettabladid.is



STRÁKARNIR Í KALEO Sveitin kemur til með að spila fyrir gesti á borð við Boy George og Stelli McCartney. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNPÖR

Þetta er svona súpergrúpa sem Kaleo mun hita upp fyrir. Í sveitinni eru meðal annars trommuleikarinn Paul Cook sem var í Sex Pistols og Mick Jones úr The Clash

Smutty Smiff



EINN FRÆGASTI LJÓSMYNDARI HEIMS Bob Gruen var einkaljósmyndari Johns Lennon og Yoko Ono í New York. AFP/NORDICPHOTOS



VAR Í SEX PISTOLS Trommuleikarinn Paul Cook verður í súpergrúppunni sem spilar á eftir Kaleo í London. AFP/NORDICPHOTOS

SMUTTY SMIFF hefur eytt síðastliðnu ári í að skipuleggja viðburðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Klippti saman Disney og klám

Hljómsveitin Hide Your Kids sendi frá sér nýja smáskífu á dögnum sem ber nafnið Mia en tónlistarmyndbandið við lagið er vægast sagt áhugavert.

„Við erum alveg nett manískt band,“ segir Daníel Jón Jónsson, söngvari sveitarinnar Hide Your Kids, en þrátt fyrir að vera aðeins þrjú ára gímul hefur sveitin meðal annars hitað upp fyrir Of Monsters and Men.

„Það koma lögðir þar sem við spilum ekkert saman en síðan á Músíktíraunum í fyrra höfum við verið að rífa okkur í gang,“ segir Daníel Jón og bætir því við að sveitin sé nokkuð heppin með gígg. Gítarleikari sveitarinnar, Kristinn Þór Óskarsson, tekur undir með Daníel en hann lýsir reynslunni að hafa deilt sviði með Of Monsters and Men sem sturlaðri.

„Þetta er alveg það besta sem við höfum gert sem hljómsveit,“ segir Kristinn en áhorfendafjöldinn var í

kringum tíu þúsund manns. Nýlega sendi sveitin frá sér sína aðra smáskífu en sú fyrri kom út í lok seinasta sumars. Nýja lagið ber nafnið Mia og klippti Daníel Jón saman ansi áhugavert tónlistarmyndband við smáskífuna.

„Þetta átti bara að vera djók til að byrja með,“ segir Daníel Jón og hlær en hann klippti saman alls konar Disney-klippur við klippur úr klámmyndum þar sem búið er að teikna yfir hið allra heilagasta og er útkoman vægast sagt líflæg. Myndbandið við Mia má finna á Youtube en sveitin ætlar sér að taka upp efni í stúdíói í haust og er draumurinn að ná að senda frá sér fyrstu plötuna fyrir júl. „Við eigum nóg af efni, það þarf bara aðeins að fínþússa þetta.“

- bp



RIFU SIG Í GANG Sveitina skipa Kristinn Þór Óskarsson, Daníel Jón Jónsson, Jón Rúnar Ingimarsson, Haukur Jóhannesson og Eyrún Engilbertsdóttir MYND/ANTON

RIGG
VIÐBURÐIR

FRÁ ÞEIM SÖMU OG FRAMLEIDDU HEIÐURSTÓNLEIKA FREDDIE MERCURY OG BAT OUT OF HELL:
MAGNI ÁSGEIRSSON STEFÁN JAKOBSSON DAGUR SIGURÐSSON
ERNA HRÖNN BERGSVEINN ARILIUSSON



TÓNLEIKASÝNING

PRIDE - STILL HAVENT FOUND WHAT I'M LOOKING FOR -
BEAUTIFUL DAY - ONE - ANGEL OF HARLEM - SWEETEST THING
WITH OR WITHOUT YOU - SUNDAY BLODDY SUNDAY - MISS
SARAJEVO - VERTIGO - WHERE THE STREETS HAVE NO NAME -
MAGNIFICENT - ORDINARY LOVE - IN A LITTLE WHILE OG FL.

ELDBORG 24. OKTÓBER KL. 20

TROMMUR: BENEDIKT BRYNLEIFSSON OKKAR FREMSTU SÖNGVARAR OG
GÍTAR: KRISTJÁN GRÉTARSSON HLJÓDFÆRALEIKARAR FLYTJA
BASSI: RÓBERT ÞÓRHALLSSON ÖLL BESTU LÖG U2 Í
HLJÓMBORÐ: STEFÁN ÖRN GLÆSILEGRI UMGJÖRÐ
SLAGVERK: GUNNAR LEÓ

HLJÓÐMEISTARI: HAFFI TEMPÓ
LJÓSAMMEISTARI: HELGI STEINAR

midi.is

MIÐASALA HEFST 10. SEPTEMBER KL. 13:00 Á
WWW.HARPA.IS, WWW.MIDI.IS OG Í SÍMA 528-5050.
MIÐAVERÐ 5990/7490/8490.



FRÉTTIR AF FÓLKI

Rauða nefið í september

Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna, UNICEF, heldur dag rauða nefnsins 12. september næstkomandi. Dagurinn hefur alltaf verið haldinn í desember en í ár var ákveðið að breyta til. Markmiðið með átakinu er að vekja athygli á starfi UNICEF, og bjóða landsmönnum að ganga í lið með heimsforeldrum UNICEF.

Dagurinn nær hámarki í söfnunar- og skemmtidagskrá í Sjónvarpinu þar sem fjöldi listamanna kemur saman og gefur vinnu sína fyrir góðan málstað. Í gær fóru fram upptökur á grínefni fyrir sjónvarpsþáttinn. Meðal þeirra sem

grína fyrir góðan málstað eru
Katría Margrét Þorgeirsdóttir, Þorsteinn Bachmann, Tinna Sverrisdóttir, María Heba Þorkelsdóttir, Halldóra Geirharðsdóttir, María Reyndal, Dóri DNA og Magnús Jónsson. Leikstjóri er Silja Hauksdóttir.



- fb

Sturla snýr aftur

Leikstjórinn Sturla Gunnarsson mun heimsfrumsýna mynd sína, Monsoon, á alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Kanada í byrjun september. Íslendingar geta þó notið myndarinnar á RIFF hátíðinni í lok september, þar sem hún verður frumsýnd alþjóðlega. Myndinni er lýst sem sjónrænu listaverki en hún fjallar um regntímabilið, monsoon, í Indlandi og þau margvíslegu áhrif sem það hefur á indverskt samfélag.

Sturla er kannski þekktastur á Íslandi fyrir kvikmynd sína, Bjólfskviðu, sem skartaði

engum öðrum en Gerard Butler í aðalhlutverki. Hann hefur síðan mestmegnis starfað í Kanada.

- ósk



Mest lesið **VÍSIR**

1 Stærra gos en síðast

„Þetta er hraungos og það er aðeins meira en síðast. Meira hraun sem e...“

2 Gos hafið að nýju

Af vefmyndavél Mílu má glögglega sjá að gos er hafið að nýju í Holuhra...“

3 Allt á floti í Kópavogi

Gísli Sigurður, íbúi í Kópavogi, fór á stjál í morgun og tók meðfylgjan...“

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24, alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið

RÝMUM TIL FYRIR NÝJUM VÖRUM!

RISA

ÚTSALA

30-70% AFSLÁTTUR!

ROYAL M3
Queen Size (153x203 cm)
FULLT VERÐ 135.675 kr.
ÚTSÖLUVERÐ 94.975 kr.
= 30% AFSLÁTTUR!

ROYAL M3
(180x200 cm)
FULLT VERÐ 183.330 kr.
ÚTSÖLUVERÐ 128.331 kr.
= 30% AFSLÁTTUR!

ROYAL M3
• 5 SVÆÐA SKIPT POKAGORMAKERFI
• PRÝSTJÓFNUNARSVAMPUR Í TOPPNUM
• GEFUR EINSTAKA AÐLÖGUN

CACIOS
King Size (193x203 cm)
FULLT VERÐ 305.466 kr.
ÚTSÖLUVERÐ 152.732 kr.
= 50% AFSLÁTTUR!

50% AFSLÁTTUR

FARYN
Queen Size rúm (153x203 cm)
FULLT VERÐ 282.083 kr.
ÚTSÖLUVERÐ 183.360 kr.
= 35% AFSLÁTTUR!

35% AFSLÁTTUR

SILVIA
HÆGINDASTÖLL
FULLT VERÐ 43.700 kr.
ÚTSÖLUVERÐ 34.960 kr.

ÓTRÚLEGT TILBOD!

50 til 70% AFSLÁTTUR AF SÝNINGAR- OG SKIPTIRÚMUM

rekkjan

HEILSURÚM